

Ársskýrsla Blindrafélagsins samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi fyrir starfsárið 2017-2018



BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939



Ársskýrsla Blindrafélagsins
samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi
fyrir starfsárið 2017-2018

Efnisyfirlit

SKÝRSLA STJÓRNAR.....	1
Siðareglur og viðbragðsáætlanir	1
Félagsfundir	3
Samstarfsfundir	3
Samstarf við Fjólu	4
Alþjóðasamstarf	4
Ferðapjónusta Blindrafélagsins.....	6
Leiðsöguhundaverkefni	6
Viðhaldsframkvæmdir á Hamrahlíð 17	7
Dagur Hvíta stafsins.....	8
Fundur fólksins.....	8
Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks..	9
Ráðstefna og vinnustofa um rafræna þjónustu og upplýsingaöngengi.....	9
Sjónhermigleraugu	10
Hádegisspjall	10
Viðhorf til Blindrafélagsins.....	11
Samstarfssamningur við Íþróttasamband fatlaðra	13
Bakhjarlar	13
Stuðningsnetið	14
Samstarfsaðilar.....	15
Beinar útsendingar frá viðburðum	16
Útgáfumál	16
VISAL-verkefnið.....	17
Réttindagæsla.....	18
Lokaorð	18
STARFSEMI SKRIFSTOFU.....	20

Ferðapjónusta Blindrafélagsins	22
Hjálpartæki	24
Smávara og vefverslun.....	24
Tækjaleiga	24
Þjónustusamningar og fengnir styrkir	26
Styrkur frá Velferðarráðuneytinu fyrir árið 2017	26
Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg	26
Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands	27
Aðrir styrkir og gjafir	27
Fjáraflanadeild Blindrafélagsins	27
Fjáraflanir 2017	27
Happdrætti.....	28
Víðsjá	29
Jóla kort.....	29
Leiðsöguhundadagatöl	30
Bakhjarlar	30
Fyrirtækjasöfnun.....	30
Rekstur fasteigna	31
Útleiga og nýting íbúða.....	31
Viðhaldsframkvæmdir utanhúss	31
Brunavarnir	32
Félagsmáladeild	32
Ársskýrsla 2017-2018 fyrir tæknimál Blindrafélagsins	32
Ársskýrsla trúnaðarmanna Blindrafélagsins 2017-2018.....	37
Ársskýrsla alþjóðafulltrúa 2017-2018	39
Ársskýrsla ráðgjafa 2017-2018.....	40
Mötuneyti Blindrafélagsins	41
FÉLAGSSTARFIÐ	43
Ársskýrsla skemmtinefndar 2017-2018	43

Ársskýrsla bókmenntaklúbbs 2017-2018	44
Opið hús	44
Ársskýrsla Norðurlandsdeildar	46
Ársskýrsla Suðurlandsdeildar 2017-2018	46
Árskýrsla Suðrnesjadeildar 2017-2018.....	47
Ársskýrsla UngBlind 2017-2018	48
Ársskýrsla foreldradeildar 2017-2018.....	49
Leiðsöguhundadeild	49
Ársskýrsla Retina Ísland.....	50
Ársskýrsla jafnréttisnefndar 2017-2018	52
Ársskýrsla ferða- og útivistarnefndar 2017-2018	53
Prjónakaffi	53
Ársskýrsla tómstundanefndar 2016-2017	54
Valdar greinar 42. árgangur 2017.....	54
Ársskýrsla 2017-2018.....	54
Varðveisla menningararfsins	55
Efnisöflun.....	55
Tengsl við hlustendur	56

**SJÓÐIR FÉLAGSINS AUK STYRKJA OG FRAMLAGA TIL
NEFNDA OG DEILDA.....57**

Ársskýrsla Verkefnasjóðs Blindrafélagsins 2017 - 2018. ...	57
Ársskýrsla Styrktarsjóðs Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins – Stuðningur til sjálfstæðis	57
Ársskýrsla sjóðsins Blind börn á Íslandi 2017-2018.....	58
Ársskýrsla styrktarsjóðs Margrétar Jónsdóttur 2017-2018	58
Styrktarsjóður Richards P. Theodórs og Dóru Sigurjónsdóttur.....	59

AÐRAR SKÝRSLUR.....60

Blindravinnustofan 2017.....	60
-------------------------------------	-----------

Stutt yfirlit yfir starfsemi Hljóðbókasafns Íslands árið 2017

.....	61
Bókakostur, miðlun og útlán	61
Nýjungar á árinu	62
Samskipti við réttihafa	63
Alþjóðlegt samstarf	64
Næstu skref	65

Skýrsla frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu 2017

.....	66
Almennt	66
Nýr forstjóri	66
Notendur	67
Bókagerð	67
Fræðsla	68
Þróunarverkefni	68
Þakkir	69

Skýrsla stjórnar

Ársskýrsla stjórnar Blindrafélagsins fyrir starfsárið 2017–2018 gerir grein fyrir helstu áherslum og nýjungum í starfi og stefnumótun stjórnar félagsins á starfsárinu. Varðandi ítarlegri upplýsingar vísast í fundargerðir stjórnar

- Sigbór Unnsteinn Hallfredsson formaður.
- Lilja Sveinsdóttir varaformaður.
- Sigríður Hlín Jónsdóttir gjaldkeri.
- Hjalti Sigurðsson ritari.

Samkvæmt lögum félagsins eru formaður og stjórnarmenn kosnir til tveggja ára í senn og er helmingur stjórnar kosinn á hverju ári. Þeir sem voru kosnir fyrir tveimur árum og eru því að ljúka tveggja ára kjörtímabili á þessum aðalfundi eru Sigbór

sem eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Stjórn Blindrafélagsins starfsárið 2017–2018 hélt samtals 16 stjórnarfundi auk nokkurra vinnufunda. Í upphafi starfsársins var stjórnarskipan eftirfarandi:

- Rúna Ósk Garðarsdóttir meðstjórnandi.
- Elínborg Lárusdóttir varamaður.
- Guðmundur Rafn Bjarnason varamaður.
- Rósa Ragnarsdóttir varamaður.

Unnsteinn Hallfredsson, Halldór Sævar Guðbergsson (hætti í stjórninni 2016 af heilsufarástæðum), Lilja Sveinsdóttir, Sigríður Hlín Jónsdóttir og Elínborg Lárusdóttir.

Siðareglur og viðbragðsáætlanir

Eitt af mikilvægustu verkefnum stjórnar var að festa í sessi siðareglur og viðbragðsáætlanir sem samþykktar voru á síðasta starfsári. Siðareglurnar ásamt viðbragðsáætlun gegn

kynferðisbrotum á vettvangi félagsins og viðbragðsáætlun í eineltismálum eru grundvallaðar á lögum og gildum félagsins ásamt viðmiðum um samfélagslega

ábyrgð og almennt siðferði. Siðareglur og viðbragðsáætlanir eru ekki til þess fallnar að breyta fortíðinni en eru hins vegar þeim mun mikilvægari viðmið um breytni í nútíð og framtíð, samkomulag sem við höfum komið okkur saman um og undirgöngumst að fylgja innan félagsins. Síðast en ekki síst eru þær mikilvægt leiðarljós og leiðbeiningar um viðbrögð ef eitthvað bregður út af. Á þessum grunni hvílir laga- og siðferðisleg umgjörð Blindrafélagsins sem sett er fram í eftirfarandi ramma.

- Lög Blindrafélagsins.
- Gildi Blindrafélagsins.
- Siðareglur Blindrafélagsins, sem varða allra sem taka þátt í starfsemi félagsins.
- Sérstakar siðareglur kjörinna fulltrúa, sem eru ítarlegri en almennar siðareglur Blindrafélagsins.
- Sérstakar siðareglur fyrir starfsmenn Blindrafélagsins sem, eins og siðareglur kjörinna fulltrúa, ganga lengra en

almennar siðareglur félagsins.

- Viðbragðsáætlun Blindrafélagsins gegn kynferðisbrotum á vettvangi félagsins.
- Viðbragðsáætlun í eineltismálum.

Í viðbragðsáætluninni gegn kynferðisbrotum á vettvangi félagsins. er skýr stefnumörkun um að kynferðisbrot verði ekki liðið innan Blindrafélagsins og að þólandi njóti ávallt verndar og eigi kost á að sækja sér aðstoð til fagráðs Blindrafélagsins. Viðbragðsáætlun Blindrafélagsins vegna eineltis miðar að því að skilgreina hvað felst í hugtakinu einelti og taka af allan vafa um að einelti er ekki liðið innan félagsins. Í henni eru leiðbeiningar um hvernig bregðast skuli við einelti og í hvaða farveg slík mál fara.

Þessi stefnumörkun og vinna hefur vakið athygli út fyrir raðir félagsins og er öðrum félögum fatlaðs fólks velkomið að byggja á þessari vinnu Blindrafélagsins.

Félagsfundir

Á starfsárinu voru haldnir tveir félagsfundir. Fyrri fundurinn var haldinn 9. nóvember þar sem aðalumfjöllunarefnið var annars vegar fagráð Blindrafélagsins sem starfar samkvæmt viðbragðsáætlun Blindrafélagsins gegn kynferðisbrotum á vettvangi félagsins. og hins vegar

fyrirhugaðar viðhaldsframkvæmdir á Hamrahlíð 17. Seinni fundurinn var haldinn 22. mars og var aðalumfjöllunarefnið niðurstöður viðhorfskannana Gallups fyrir Blindrafélagið og ráðstefnur Retina International 2018 og 2020.

Samstarfsfundir

Reglulegir samstarfsfundir stjórnar, nefnda og deilda félagsins hafa verið haldnir nokkur undanfarin ár og er komin góð reynsla á þetta fyrirkomulag. Megintilgangur þessara funda er að kynna og samræma allt það fjölbreytta starf sem unnið er innan Blindrafélagsins. Samstarfsfundirnir eru að jafnaði haldnir í september og janúar og tækifærið hefur einnig gjarnan verið notað til að brjóta fundina upp með fræðslufyrirlestrum sem eiga erindi við fundarmenn. Á haustfundinn mætti Kristján Pétursson frá Gallup og kynnti framkvæmd og tilgang

viðhorfskannana og niðurstöður könnunar sem Gallup gerði fyrir Blindrafélagið. Á fundinum í janúar kom John Snorri Sigurjónsson fjallagarður og sagði frá ferð sinni á tindinn K2 í Himalajafjallgarðinum. Fjallaði hann m.a. um gildi góðs undirbúnings, jafnt líkamlegs sem andlegs. Svona áraun er ekki síður erfitt andlegt ferðalag, það krefst mikils af leiðangursmönnum að missa ekki móðinn þótt á móti blási. Samstarfsfundirnir voru að venju vel sóttir, yfir 30 manns á hvorum fundi, og almenn ánægja með hvernig til tókst.

Samstarf við Fjólu

Löng hefð er fyrir nánu samstarfi Blindrafélagsins og Fjólu, félags fólks með samþætta sjón- og heyrnar-skerðingu. Þetta samstarf hefur verið fest í sessi með formlegum og gagnkvæmum samstarfs-samningi. Samkvæmt samningnum hafa félögin með sér nána samvinnu um sameiginleg málefni og

gagnkvæma upplýsingagjöf. Félagsmönnum beggja félaganna býðst að taka gagnkvæman þátt í viðburðum félaganna eftir því sem við á auk þess sem Blindrafélagið veitir Fjólu rekstrarstyrk sem nemur afnotum Fjólu af skrifstofurými og annarri aðstöðu í Hamrahlíð 17.

Alþjóðasamstarf

Af alþjóðasamstarfi bar hæst aðalfund og ráðstefnu Retina International RIWC2018 sem haldin var á Nýja-Sjálandi í febrúar 2018 þar sem Blindrafélagið tók, fyrir hönd Retina Ísland (RP-deildar), formlega við keflinu sem ráðstefnuhaldari fyrir ársfundinn og ráðstefnuna RIWC2020 sem haldinn verður í Reykjavík í byrjun júní 2020. Ráðstefnan verður í Hörpu í samstarfi við norræna augnlæknaþingið sem haldið verður á sama tíma. Fulltrúar Retina Ísland á aðalfundinum voru Sigþór Unnsteinn Hallfredsson, formaður Blindrafélagsins, og Kristinn Halldór Einarsson framkvæmdastjóri sem situr í

stjórn samtakanna Retina International. Ráðstefnuna sóttu einnig Helgi Hjörvar, formaður undirbúningsnefndar fyrir ráðstefnuna RIWC2020, og dr. Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við augnlæknadeild Ulleval-háskólasjúkrahúsins í Osló, formaður vísindanefndar ráðstefnunnar RIWC2020. Á aðalfundinum var Kristinn Halldór Einarsson endurkjörinn í stjórn samtakanna til næstu tveggja ára.

Í október 2017 var haldin ráðstefna norrænu blindrasamtakanna í Danmörku, en þessi ráðstefna er haldin á fjögurra ára fresti. Ráðstefnuna sóttu Eyþór Kamban Þrastarson, Friðrik

Steinn Friðriksson, Helga Dögg Heimisdóttir, Hjalti Sigurðsson, Lilja Sveinsdóttir, Marjakaisa Matthíasson, Rósa María Hjörvar, Rósa Ragnarsdóttir og Sigbór Unnsteinn Hallfredsson. Þema ráðstefnunnar að þessu sinni var um samskipti og boðleiðir inn á við og út á við og hvaða leiðir virka best í þjóðfélagi nútímans. Þátttakendur tóku virkan þátt í málefna- og vinnuhópum og auk þess lagði Blindrafélagið til eftirfarandi fyrirlestra í dagskrá ráðstefnunnar.

- Rósa María Hjörvar fjallaði um markviss samskipti. „Hvað viltu segja? Og hvernig nærðu eyrum þeirra sem eiga að fá skilaboðin?“
- Marjakaisa Matthíasson sagði frá undirbúningi og framkvæmd „Gulum Reykjavík“ verkefnisins og hvernig athyglinni sem það vakti var beint til almennings jafnt sem embættis- og ráðamanna.
- Sigbór Unnsteinn Hallfredsson fjallaði um áskorunina sem fylgir því að maður þekkir mann í litlu samfélagi og

mögulega jákvæð og neikvæð áhrif þess.

Eins og fyrr tók félagið virkan þátt í samstarfsfundum forystumanna norrænu blindrafélaganna (NSK), kvennanefndarinnar (NKK) og ungmennanefndarinnar (NUK). Þessar nefndir hittast að jafnaði tvisvar á hverju starfsári. Fulltrúar Blindrafélagsins á þessum vettvangi eru formaður, varaformaður, alþjóðafulltrúi, formaður jafnréttisnefndar og formaður UngBlind.

Árlegur samráðsvettvangur forystumanna norrænu RP-félaganna og deilda var að þessu sinni haldinn í Finnlandi í september. Þennan fund sóttu Sigbór Unnsteinn Hallfredsson formaður, Haraldur Matthíasson og Rúna Ósk Garðarsdóttir. Allir samráðsviðburðir á vegum norrænu samtakanna eru haldnir til skiptis í hverju landi fyrir sig. Blindrafélagið á aðild að eftirtöldum alþjóðlegum samtökum:

- European Blind Union (EBU)

- Nordisk Samarbejdskomité (NSK), Nordisk kvinnokommitté (NKK) og Nordisk ungdomskommitté (NUK)
- Retina International (RI)
- World Blind Union (WBU)

Ferðapjónusta Blindrafélagsins

Að eiga kost á skilvirkri ferðapjónustu hefur sýnt sig að vera eitt mikilvægasta réttindamálið til að félagsmenn njóti þeirra sjálfsögðu mannréttinda að vera virkir þátttakendur í leik og starfi. Samningur um ferðapjónustu við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar var endurnýjaður á síðasta ári og hafa kannanir staðfest að mikil ánægja er meðal notenda með þessa útfærslu á þjónustunni. Nýlega gerði Blindrafélagið samsvarandi samning við Kópavogsbæ um ferðapjónustu fyrir lögblinda í íbúa í Kópavogi og við Vestmannaeyjabæ um ferðapjónustu á höfuðborgarsvæðinu fyrir lögblinda Eyjamenn.

Áfram verður unnið að því að koma á samningi um ferðapjónustu við önnur sveitarfélög þar sem byggt er á þessum góða samningi. Áhersla hefur einnig verið á að aðstoða lögblinda einstaklinga búsetta á landsbyggðinni við að fá viðunandi ferðapjónustu á höfuðborgarsvæðinu þegar þeir eiga þangað erindi. Félagið á nú m.a. í viðræðum við Bláskógabyggð, Hafnarfjörð, Mosfellsbæ og Vestmannaeyjabæ um framtíðarskipan ferðapjónustu þar. Frekari upplýsingar um ferðapjónustuna er að finna í sérskýrslu um Ferðapjónustu Blindrafélagsins.

Leiðsöguhundaverkefni

Leiðsöguhundaverkefnið er samstarfsverkefni Blindrafélagsins og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir

blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Alls hefur tíu leiðsöguhundum verið

úthlutað frá árinu 2008 þegar þetta samstarfsverkefni hófst. Þar af eru fimm þeirra í vinnu núna en hinir hafa lokið sinni starfsævi. Þrír leiðsöguhundar hafa verið ræktaðir og þjálfaðir hér á landi en annars hafa hundarnir komið hingað til lands frá Noregi og Svíþjóð. Sala á dagatali Blindrafélagsins er helguð þessu verkefni og einnig hefur leiðsöguhundaverkefnið notið góðs af velvilja fyrirtækja og almennings. Leiðsöguhundaverkefninu lýkur í raun aldrei því að stöðugt þarf að huga að endurnýjun hundanna sem eru í vinnu, auk þess sem hér á landi ættu að

vera mun fleiri hundar í vinnu en raunin er í samanburði við nágrannalöndin. Jafnframt þarf nauðsynlega að rýmka reglur um innflutning á dýrum til að gefa notendum leiðsöguhunda eðlilegt svigrúm til að ferðast með leiðsöguhunda sína til og frá landinu án íþyngjandi regluverks. Leiðsöguhundur er fyrst og fremst hjálpartæki þó að vissulega verði hann einnig í öllum tilfellum sálufélagi og heimilisvinur. Í nýlegri skoðanakönnun sem að Gallup gerði fyrir Blindrafélagið meðal félaga þess svöruðu 16% aðspurðar, eða 44, því til að þeir hefðu mikinn áhuga á að fá sér leiðsöguhund.

Viðhaldsframkvæmdir á Hamrahlíð 17

Stjórn Blindrafélagsins lét gera ástandsmat á ytra byrði Hamrahlíðar 17 á síðastliðnu ári. Niðurstaða matsins leiddi í ljós að veruleg viðhaldsþörf er komin á húsið og gæti kostnaður vegna þess verið allt að 150 m.kr. fyrir utan eftirlit og verkefnastjórnun. Í framhaldinu var ákveðið að skipta verkinu upp í þrjá áfanga og forgangsraða þeim út frá ástandi viðkomandi

byggingarhluta. Fyrsti áfanginn var boðinn út í upphafi árs 2018. Samið var við Verkfar ehf. sem átti lágsta tilboðið í verkið. Framkvæmdir munu hefjast í apríl eða maí og standa fram á sumar. Nánari upplýsingar eru í kaflanum um rekstur fasteigna. Væntingar eru til að það náist að klára þessar framkvæmdir á afmælisárinu 2019 og skila þannig fjöregginu Hamrahlíð 17

í góðu ástandi til komandi kynslóða í Blindrafélaginu.

Dagur Hvíta stafsins

Í tilefni af degi Hvíta stafsins sunnudaginn 15. október var boðið til kaffisamsætis í Hamrahlíð 17. Dagskráin hófst á ávarpi Sigþórs Unnsteins Hallfredssonar, formanns Blindrafélagsins. Í auglýstri dagskrá stóð að Halldór Sævar Guðbergsson, varaformaður Öryrkjabandalagsins, myndi ávarpa samkomuna en hann forfallaðist vegna veikinda á síðustu stundu og hljóp þá Kristinn Halldór Einarsson í

skarðið og sagði frá reynslu sinni af að byrja að nota hvíta stafinn og þeim huglægu þröskuldum sem hindra marga frá því að notfæra sér þetta einfalda en öfluga hjálpartæki. Því næst flutti Jón Pálmason, fjöllumdæmisstjóri Lions á Ísland, stutt ávarp. Einn af nýrri félögum Blindrafélagsins, Kaisu Hynninen, flutti tónlistaratriði og að lokum var boðið upp á sýningu á algengum hjálparbúnaði.

Fundur fólksins

Lýðræðishátíðin Fundur fólksins fór að þessu sinni fram dagana 8. og 9. september í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Þetta er í þriðja skipti sem hátíðin er haldin en í fyrsta sinn sem hún fer fram utan höfuðborgarsvæðisins. Fundur fólksins sækir innblástur sinn í sambærilegar hátíðir sem haldnar eru á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum. Hátíðinni er ætlað að virkja lýðræðisþátttöku almennings og

skapa vettvang til þess að ræða málefni samfélagsins. Blindrafélagið tók í samstarfi við Norðurlandsdeild félagsins virkan þátt í Fundi fólksins. Félagið var með kynningarbás þar sem Blindrafélagið og þjónusta þess var kynnt og gestir fengu að prófa vefvarpið og sjónhermigleraugu sem líkja eftir algengum sjónskerðingum svo eitthvað sé nefnt. Einnig var tækifærið notað til að „gula Hof“ í anda „Yellow the world“ hreyfingarinnar til að vekja

athygli á hvað betur mætti fara í aðgengi fyrir blinda og sjónskerta gesti Hofs.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Þau gleðitíðindi urðu í september 2016 að Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Íslensk stjórnvöld höfðu undirritað samninginn, sem er mannréttindasamningur, árið 2007. Markmiðið með honum er að efla, verja og tryggja full mannréttindi fyrir allt fatlað fólk og jafnframt að efla og vinna að virðingu fyrir eðlislægri mannlegri reisn þess. Samningurinn er nú þegar

orðinn og á án efa eftir að verða okkur öfluggt verkfæri í réttindabaráttunni um ókomin ár en til að það verði að veruleika þarf Alþingi að reka af sér slyðruorðið og lögfesta gildi samningsins. Það hefur þingið hins vegar ekki gert og stjórnvöld láta mannréttindi fatlaðra reka á reiðanum eins og löngum fyrr. Á meðan svona er í pottinn búið er það eitt af mikilvægustu verkefnum Blindrafélagsins ásamt öðrum samtökum fatlaðra að þrýsta á stjórnvöld.

Ráðstefna og vinnustofa um rafræna þjónustu og upplýsingaþgengi

Blindrafélagið efndi til ráðstefnu 12. september þar sem farið var yfir stöðuna í rafrænni þjónustu og upplýsingaþgengi með hliðsjón af lagalegum skyldum og stefnumótun hins opinbera og einkaaðila. Það var aðgengisteymi Blindrafélagsins sem undirbjó og skipulagði

ráðstefnuna sem heppnaðist afar vel og var vel sótt. Daginn eftir stóð aðgengisteymið síðan fyrir vinnustofu í Hamrahlíð 17 fyrir forritara þar sem leiðbeint var um þau atriði sem skipta máli til að rafrænt aðgengi sé í samræmi við gildandi reglur og staðla og mæti óskum og þörfum notenda. Vinnustofan

var ekki síður vel heppnuð en ráðstefnan og ljóst að áfram verður haldið á þessari braut við að ná til forritara og vefhönnuða.

Nánari upplýsingar eru í kaflanum um skýrslu aðgengisteymis Blindrafélagsins.

Sjónhermigleraugu

Sjónhermigleraugun sem Blindrafélagið festi kaup á í fyrra hafa reynst vel við að upplýsa aðra, t.d. aðstandendur, um birtingarform hinna mismunandi sjónskerðinga og augnsjúkdóma.

Sjónhermigleraugun eru geymd á skrifstofu félagsins og er hægt að fá að prófa þau þar og einnig eru deildir og nefndir hvattar til að nýta sér sjónhermigleraugun á upplýsingaviðburðum á sínum vegum.

Hádegisspjall

Hádegisspjall er nýlegur vettvangur til gagnkvæmra samskipta innan Blindrafélagsins sem komin er góð reynsla á. Tilgangurinn er að skapa grasrótavettvang til að ræða hin ýmsu mál sem varða félagið eða félagsmenn. Þetta eru óformlegir fundir þar sem áherslan er á að allir sem mæta hafi tækifæri til að taka þátt. Allir þessir viðburðir hafa verið hljóðritaðir og þeim gerð góð skil á Völdum greinum, hljóðtímariti Blindrafélagsins. Hádegisspjallið hefur mælst mjög vel fyrir og verður haldið

áfram að þróa þennan vettvang innan félagsins. Í vetur hefur verið spjallað um eftirfarandi málefni:

- Punktalettrið, stöðu þess og horfur í ljósi nýrrar tækni og þróunar.
- Hlustun, heyrnartól og mikilvægi heyrnarverndar.
- Menningararfinn sem felst í sögu Blindrafélagsins og varðveislu hans.
- Samspil sjónskerðingar og vinnuálags.

Líkamsbeitingu,
vinnustellingar, andlegt
álag og breyttar aðstæður.

- Félagslífið innan
Blindrafélagsins.

Viðhorf til Blindrafélagsins

Allt frá árinu 2009 hefur Blindrafélagið látið mæla reglulega viðhorf félagsmanna og almennings til ýmissa þátta sem varða þjónustu og starfsemi félagsins. Félagið hefur átt í samstarfi við Gallup um framkvæmdina, en bæði hefur verið um að ræða rafræna spurningavagna og símakönnun.

Niðurstöðurnar hafa gefið mikilvægar upplýsingar sem nýtast vel við að skipuleggja starfsemi og áherslur félagsins. Það er betra að vita en halda hvað það er sem félagsmenn vænta af félaginu sínu, hvaða þjónusta er þeim dýrmætust og hvað má betur gera í áherslum félagsins. Einnig eru upplýsingar um viðhorf almennings verðmætar við að meta áhrif skilaboðanna sem félagið setur út í samfélagið og leiðirnar sem valdar eru til þess. Upplýsingar um viðhorf almennings til stuðnings við hagsmunafélög eins og Blindrafélagið hafa einnig

reynst félaginu virkilega dýrmætar við að skipuleggja fjáraflanir á vegum félagsins. Með reglulegum mælingum fæst jafnframt mikilvægur samanburður milli tímabila og sýn á hvernig þróunin er í hinum ýmsu málaflokkum sem spurt er um.

Með þessum hætti hafa eftirfarandi hópar verið spurðir álits:

- Almennigur með spurningavagni Gallups, A- og B-hluta.
- Félagsmenn Blindrafélagsins.
- Stuðningsmenn Blindrafélagsins.

Niðurstöður viðhorfsmælinga sem gerðar voru í febrúar- og marsmánuði 2018 voru kynntar á félagsfundi þann 22. mars. Meginniðurstöðurnar eru að:

- 86,8% almennings eru jákvæð gagnvart Blindrafélaginu, 12,7% hvorki jákvæð né neikvæð

- og aðeins 0,8% eru neikvæð.
- Af félagasamtökum sem eru í samanburðarhópi mælist jákvæðni gagnvart félagi einungis hærrí hjá Krabbameinsfélaginu.
 - Blindrafélagið er eina félagið þar sem jákvæðni gagnvart félagi mælist hærrí nú en við síðustu mælingu 2016.
 - 74,5% almennings þekktu illa eða ekkert til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 20,8% þekkja nokkuð til hans og einungis 4,7% þekkja hann vel.
 - Stuðningsleiðirnar sem falla almenningi best í geð eru í samræmi við meginfjáraflanir Blindrafélagsins.
 - 90,5% félagsmanna eru ánægð með þjónustu félagsins, 6% eru hvorki ánægð né neikvæð og 3,5% eru óánægð.
 - 91,9% félagsmanna finnst Blindrafélagið sinna réttindamálum blindra og sjónskertra vel, 5,1% sögðu hvorki vel né illa og 2,9% sögðu illa.
 - Mikilvægasta hagsmunamálið að mati félagsmanna er bætt aðgengi að ferðaþjónustu, næst í röðinni er að auðvelda blindum og sjónskertum að búa einir og í þriðja lagi eru það auknir atvinnumöguleikar.
 - Þrír mikilvægustu þjónustubættirnir að mati félagsmanna mældust vera: Hljóðbókasafn Íslands 87,9%, ferðaþjónustan 78,4% og hjálpartækjaverslunin 76%.

Í júní 2017 setti Gallup Blindrafélagið inn í þjóðarpúls Gallups þar sem kannað var traust fólks til Blindrafélagsins og könnuð þekking þess á starfsemi félagsins, auk þess að bera þessa þætti saman við traust og þekkingu fólks á öðrum aðilum í þjóðfélaginu. Niðurstaða mælingarinnar var að 57% svarenda báru mikið traust til Blindrafélagsins. Til samanburðar báru 51% mikið traust til umboðsmanns Alþingis, 49% báru mikið traust til ríkissáttasemjara, 62% báru mikið traust til

heilbrigðiskerfisins og mests trausts naut Landhelgisgæslan, 92%. Þar sem einungis 12% svarenda segjast þekkja til starfsemi Blindrafélagsins mælist traust til Blindrafélagsins hátt.

Í fyrirtækjakönnun VR 2017, sem er könnun sem gerð er meðal starfsfólks og kannar fjölmarga þætti sem snúa að

starfsaðstæðum fyrirtækja, skoraði Blindrafélagið hærra sem starfsstaður en áður. Heildareinkunnin var 4,3 af 5 mögulegum sem er hæsta einkunn sem Blindrafélagið hefur fengið í fyrirtækjakönnun VR. Heildareinkunn allra fyrirtækja var 4,2. Sjá frekar í kaflanum um starfsemi skrifstofu.

Samstarfssamningur við Íþróttasamband fatlaðra

Blindrafélagið og Íþróttasamband fatlaðra (ÍF) hafa gert með sér tímamótasamstarfssamning vegna undirbúnings Patreks A. Axelssonar og Más Gunnarssonar fyrir Ólympíumót fatlaðra í Tokyo 2020. Blindrafélagið mun styrkja ÍF á tímabilinu 2018-2020 vegna hinna ýmsu verkefna sem Patrekur og Már taka þátt í vegna undirbúnings og þátttöku Íslands í

Paralympics í Tokyo 2020. Már og Patrekur eru báðir félagar í Blindrafélaginu, Már keppir í sundi og Patrekur í 100 og 200 m spretthlaupum. Að mati forystumanna Íþróttasambands fatlaðra eiga þeir báðir góða möguleika á að vinna sér inn keppnisrétt á Ólympíumóti fatlaðra í Tokyo 2020, að því gefnu að þeim séu skapaðar góðar aðstæður til að æfa og keppa og að þeir leggi hart að sér.

Bakhjarlar

Á vor- og sumarmánuðum hófst átak í fjölgun bakhjarla Blindrafélagsins. Fyrirtækið Öflun hafði umsjón með söfnuninni, en Blindrafélagið hefur verið í samstarfi við

fyrirtækið í mörg ár. Átakið gekk mjög vel. Samtals fjölgaði um rúmlega 2.700 bakhjarla í hópnum sem telur nú 6.200 manns.

Aðild Bakhjarla að Blindrafélaginu er mismunandi eftir því hvaða leið hver og einn velur. Bakhjarlaskipulagið er eftirfarandi:

- Bakhjarl – Efsta þrep: Greiðir almennt félagsgjald mánaðarlega. Hlunnindi: Sjóntrygging fyrir fjóra, félagsafsláttur af vörukaupum hjá Blindrafélaginu og Blindravinnustofunni. Sérstök viðurkenning eftir 5 og 10 ár.
- Bakhjarl – 3. þrep: Greiðir almennt félagsgjald fjórum sinnum á ári Hlunnindi: Sjóntrygging fyrir fjóra, félagsafsláttur af vörukaupum hjá Blindrafélaginu og Blindravinnustofunni.
- Bakhjarl – 2. þrep: Greiðir almennt félagsgjald tvisvar sinnum á ári.

Hlunnindi: Sjóntrygging fyrir tvo og afsláttur af vörum

Blindravinnustofunnar.

- Bakhjarl – 1. þrep: Greiðir almennt félagsgjald einu sinni á ári.

Hlunnindi: Sjóntrygging og afsláttur af vörum

Blindravinnustofunnar.

Bakhjarlarnir hafa reynt Blindrafélaginu ákaflega mikilvægir stuðningsaðilar en ekki síður sem málsvarar félagsins og tengiliður við samfélagið. Aðild að Blindrafélaginu, sem bakhjarl, er einnig góð leið fyrir sjónskerta einstaklinga sem hafa betri sjón en skilgreindu mörkin eru fyrir fullri aðild. Bakhjarlar geta tekið fullan þátt í starfi félagsins og gegnt trúnaðarstörfum og t.d. hefur bakhjarl setið í stjórn félagsins undanfarin ár.

Stuðningsnetið

Allt félagslíf innan Blindrafélagsins er öðrum þræði jafningjastuðningur í verki en einnig hefur félagið um árabil haldið úti markvissu og öfluggu trúnaðarmannakerfi. Nú starfa þrír trúnaðarmenn hjá

félaginu. Markmið þeirra er að hafa reglulegt samband við félagsmenn að fyrri bragði, rjúfa einangrun og veita jafningjastuðning og upplýsingar og aðstoða eftir föngum.

Til viðbótar þessu hefur Blindrafélagið gerst formlegur aðili að Stuðningsnetinu, studningsnet.is, sem komið var á fót á vegum landlæknisembættisins og nokkurra sjúklingasamtaka í vetur. Stuðningsnetinu er ætlað að vera viðbót við heilbrigðiskerfið og bjóða upp á jafningjastuðning fyrir fólk sem glímir við erfiða sjúkdóma eða aðstæður eftir slys og aðstandendur þeirra. Markmiðið er að styðja við fólk með hlustun og skilningi sem einungis getur komið frá þeim sem staðið hefur í sömu sporum. Til þess að raungera þetta er boðið upp á námskeið fyrir þá sem vilja verða stuðningsfulltrúar. Starf stuðningsfulltrúans er sjálfboðaliðastarf og hlutverk hans er að styðja skjólstæðing og veita upplýsingar ef óskað er

eftir því. Starf hans felst fyrst og fremst í tilfinningalegum stuðningi í gegnum virka hlustun, upplýsingaveitu, hluttekningu og nærveru, hvort sem er í gegnum síma, tölvu eða augliti til auglitis. Hann þarf að hafa reynslu af aðstæðunum og vera tilbúinn að segja frá henni. Markmiðið með samstarfi Blindrafélagsins við Stuðningsnetið er að koma upp teymi stuðningsfulltrúa sem verða viðbót og útvíkkun á trúnaðarmannakerfi félagsins, ekki ólíkt því sem félagslegir trúnaðarmenn voru á árum áður, ekki síst til að verða eins konar áfallateymi sem vísa má fólk á sem skyndilega verður blint vegna veikinda eða slysa eða er nýgreint með alvarlegan augnsjúkdóm, fólk sem ekki er orðið félagsmenn í Blindrafélaginu og þar með ekki komið með trúnaðarmann.

Samstarfsaðilar

Á starfsárinu átti Blindrafélagið aðild eða aðkomu að stjórnnum eftirfarandi samtaka, sjóða og stofnana: Almannaheill, samtök þriðja geirans, Almennarómur,

Hjúkrunarheimilið Eir, Hljóðbókasafn Íslands, Margrétarsjóður, Sjóðurinn Blind börn á Íslandi, Stuðningur til sjálfstæðis, styrktarsjóður

Blindravinafélags Íslands og
Blindrafélagsins,
Styrktarsjóður Richards P.
Theodórs og Dóru
Sigurjónsdóttur,
Tölvumiðstöð fatlaðra,

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð
fyrir blinda, sjónskerta og
einstaklinga með samþætta
sjón- og heyrnarskerðingu,
Öryrkjabandalag Íslands.

Beinar útsendingar frá viðburðum

Þau tímamót urðu á félagsfundi
16. mars 2017 að í fyrsta skipti
í sögu félagsins var hægt að
fylgjast með viðburði á vegum
félagsins, í Hamrahlíð 17, í
beinni útsendingu í vefvarpi
Blindrafélagsins. Þetta var
mögulegt eftir að hljóðkerfið í
fundarsalnum var uppfært.
Nýja hljóðkerfið hefur mun
betri hljómgæði, auk þess sem
það auðveldar upptökur og

gefur kost á beinu streymi í
vefvarpið. Allir helstu viðburðir
félagsins, s.s. aðal- og
félagsfundir, eru nú
aðgengilegir í beinni
útsendingu í vefvarpinu og þar
með gefst félagsmönnum á
landsbyggðinni og öðrum sem
ekki eiga heimangengt tækifæri
til að fylgjast enn betur með því
sem er um að vera innan
Blindrafélagsins.

Útgáfumál

Að vanda hefur Blindrafélagið
staðið myndarlega að
útgáfumálum. Valdar greinar
eru að jafnaði gefnar út á
tveggja vikna fresti til
félagsmanna. Efnistöð Valinna
greina eru fjölbreytt og hafa þar
m.a. verið birt viðtöl og
frásagnir og ýmiss konar annar
fróðleikur um hin fjölbreyttustu
efni, auk þess sem viðburðum á
vegum félagsins hafa verið gerð
góð skil. Valdar greinar eru

birtar í vefvarpi
Blindrafélagsins, á
heimasíðunni blind.is og sendar
á geisladiski til þeirra notenda
sem þess óska.
Viðsjá, tímarit Blindrafélagsins,
er gefið út tvisvar á ári og er
dreift til 20 þúsund lesenda.
Auk þess að vera mikilvæg
upplýsingaveita til almennings
hefur útgáfa Viðsjár reynst góð
stöð í fjáröflunum félagsins.

Félagið hefur einnig í auknum mæli nýtt sér fésbókarsíðu sína til að koma efni á framfæri við almenning.

Heimasíða félagsins hefur verið endurnýjuð til samræmis við kröfur nútímans um virkni og aðgengi og er síðan m.a. núna aðgengilegri fyrir snjalltæki.

Heimasíðan er sem fyrr mikilvægur vettvangur til að koma upplýsingum á framfæri við bæði félagsmenn og almenning, auk þess að vera gátt fyrir vefverslun Blindrafélagsins.

Á síðasta starfsári var byrjað að gefa út vikulegt fréttabréf Blindrafélagsins. Fréttabréfið kemur út á föstudögum og er fyrst og fremst ætlað að koma á framfæri við félagsmenn upplýsingum um það sem er um að vera á vettvangi félagsins næstu dagana á eftir.

Fréttabréfið er eingöngu gefið út rafrænt og sent til áskrifenda með tölvupósti, auk þess sem það birtist í vefvarpi Blindrafélagsins og á heimasíðu þess, blind.is.

VISAL-verkefnið

VISAL-verkefninu var komið af stað á vegum Evrópsku blindrasamtakanna (EBU). VISAL (Visually Impaired Seniors Adapted Learning) stendur fyrir valdeflandi nám, sérhannað að þörfum og aðstæðum sjónskertra eldri borgara. Markmiðið með VISAL er að:

Útvega sérhæft fræðsluefni aðlagð að þörfum þessa hóps. Auka félagslega og faglega færni.

Efla sjálfstraust og hvetja til áframhaldandi náms.

Stuðla að virkri þátttöku í samfélaginu. Tveir félagsráðgjafar fóru á vegum Blindrafélagsins á VISAL-leiðbeinendanámskeið sem haldið var í Varsjá í Póllandi 10.-12. maí 2017. Í vetur var síðan fyrsta VISAL-námskeiðið haldið fyrir félagsmenn Blindrafélagsins. Góð þátttaka var á námskeiðinu og ánægja með efnistöð og markmið námskeiðsins. Stefnt er að því að reglulega verði boðið upp á VISAL-námskeið í framtíðinni.

Réttindagæsla

Eins og undafarin ár hefur Blindrafélagið boðið félagsmönnum sínum upp á aðstoð við að gæta eða sækja réttindi sem þeim er neitað um. Auk þátttöku framkvæmdastjóra félagsins hefur í sumum tilvikum þurft að kalla til lögmann félagsins. Í slíkum tilvikum hefur lögmaður

félagsins komið fram fyrir hönd félagsmanns og því hefur félagið ekki verið beinn málsaðili. Mjög góður árangur hefur náðst í þessari réttindagæslu og hafa mál sem snúa að ferðaþjónustu, rétti til örorkubóta og húsnæðismálum verið leyst á farsælan máta fyrir félagsmenn.

Lokaorð

Reglubundinn rekstur félagsins var í góðu jafnvægi á starfsárinu og heildarniðurstaða ársreikninganna ásættanleg. Rekstur Blindravinnustofunnar hefur einnig gengið vel eins og á síðasta ári. Stuðningur til sjálfstæðis er meginsteifið í starfi Blindrafélagsins sem jafnframt endurspeglast í gildum félagsins sem eru, jafnrétti, sjálfstæði, umburðarlyndi og virðing. Á starfsárinu höfum við veitt hvert öðru öflugan jafningjastuðning með fjölbreyttum fræðsluerindum og kröftugu félagstarfi. Á sama tíma höfum við ekki misst sjónar á hinum fjölmörgu og

mikilvægu hagsmunamálum sem ævinlega eru á verkefnaskrá félagsins. Við munum ótrauð halda áfram á þessari braut. Fyrir hönd stjórnar Blindrafélagsins færi ég starfsfólki félagsins kærar þakkir fyrir vel unnin störf og trúmennsku í garð félagsins og félagsmanna. Velunnurum félagsins eru jafnframt færðar kærar þakkir fyrir dýrmætan stuðning. Sömuleiðis færi ég stjórnarmönnum kærar þakkir fyrir samstarfið á árinu. Öllum þeim fjölmörgu félagsmönnum, sem hafa lagt sitt af mörkum við að gera starfsemi Blindrafélagsins jafn blómlega og raun ber vitni, færi

ég kærar þakkir fyrir sitt
verðmæta framlag. Það liggur
umtalsverð vinna í að
skipuleggja og hrinda í
framkvæmd starfsemi deilda,
nefnda og klúbba á vegum
félagsins og fyrir það ber að
þakka sem og öllum þeim sem
hafa tekið þátt í félagsstarfinu.

Maður er manns gaman og hinn
gagnkvæmi jafningjastuðningur
sem fæst með góðri og víðtækri
þátttöku félagsmanna er
ómetanlegur og gefandi.
F.h. stjórnar Blindrafélagsins,
Sigþór Unnsteinn Hallfreðsson,
formaður

Starfsemi skrifstofu

Á árinu urðu nokkrar breytingar á starfsmannahaldi skrifstofu Blindrafélagsins. Nokkrir starfsmenn létu af störfum, þau Brynja Arthúrsdóttir, aðaltrúnaðarmaður og kynningarfulltrúi, Elín Hreindal Bjarnadóttir sem gegndi starfi trúnaðarmanns, Gunnlaugur Dan Sigurðsson sem gegndi starfi húsavardar og Steinunn Helgu Hákonardóttir sem gegndi starfi félagsmálafulltrúa og hafði umsjón með Opnu húsi. Eru þeim öllum færðar þakkir fyrir góð störf fyrir Blindrafélagið. Alls störfuðu 25 einstaklingar hjá félaginu í 13,7 stöðugildum að meðaltali á árinu. Við lok ársins voru 20 einstaklingar starfandi hjá félaginu í 13 stöðugildum. Þeir eru, taldir í stafrófsröð:

Arnheiður Björnsdóttir, ráðgjafi.
Baldur Snær Sigurðsson, tölvuráðgjafi.
Dagný Kristmannsdóttir.
Friðrik Steinn Friðriksson, fjáröflunarfulltrúi og hönnuður.


Guðvarður B. Birgisson, húsvörður.
Gunnar Már Óskarsson, afgreiðsla.
Helga Friðriksdóttir, trúnaðarmaður.
Hildur Björnsdóttir, gjaldkeri og umsjónarmaður ferðaþjónustunar.
Hjalti Sigurðsson, umsjónarmaður Opins húss og félagsmálafulltrúi.
Ingólfur Garðarsson, fjáröflunarfulltrúi.
Jón Helgi Gíslason, trúnaðamaður.
Katrín Gunnarsdóttir, ræstingar.
Kristinn Halldór Einarsson, framkvæmdastjóri.
Kristín Waage, bókari.
Lára Kristín Lárusdóttir, afgreiðsla og sala hjálpartækja.
Margrét Pálsdóttir, fjáröflunarfulltrúi.
Marjakaisa Matthíasson, alþjóðafulltrúi og starfsmaður deilda.
Rósa María Hjörvar, ritstjóri Víðsjár.
Sigþór Unnsteinn Hallfreðsson, formaður.
Þórkatla Norðquist, matartæknir í eldhúsi.

Yfir vetrartímamann fær skrifstofa félagsins um 650 símtöl á mánuði, sem gera 30 símtöl á dag að jafnaði, en yfir hásumartímamann eru innhringingar um það bil 300 á mánuði.

Það hefur verið stefna Blindrafélagsins að gefa blindum og sjónskertum einstaklingum færi á að starfa fyrir félagið. Það er því

sérstaklega ánægjulegt að greina frá því að af þeim 20 starfsmönnum sem taldir eru upp hér fyrir ofan eru 12 blindir eða sjónskertir. Líklega hafa aldrei jafn margir blindir og sjónskertir einstaklingar starfað hjá félaginu.

Í fyrirtækjakönnun VR 2017, sem er könnun sem gerð er meðal starfsfólks og mælir fjölmarga þætti sem snúa að stjórnun og starfsaðstæðum,



kom Blindrafélagið vel út sem vinnustaður. Svarhlutfall meðal starfsmanna var 78%. Þeir þættir sem voru mældir meðal starfsfólks voru stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki í vinnutíma, sjálfstæði í starfi, ímynd fyrirtækis, ánægja og stolt og jafnrétti. Blindrafélagið mældist með hærri einkunn en áður og fékk heildareinkunnina 4,3 af 5 mögulegum.

Meðalheildareinkunn allra fyrirtækja var 4,2. Skipt niður á þætti var mælingin eins og taflan sýnir. Tölur innan sviga sýna mun á meðaltali fyrirtækis og meðaltali fyrirtækja í sama stærðarflokki.

Heildarstarfsmannakostnaður félagsins árið 2017 nam 89,1 m.kr. að meðtöldum launatengdum gjöldum.

Ferðaþjónusta Blindrafélagsins

Í lok ársins 2017 voru 579 einstaklingar með ferðaþjónustusamninga. Þar af eru 109 sem eru utan sveitarfélaga með samning um þjónustuna, þ.e. fá 20% afslátt af ferðunum auk umsýslugjalds sem er 110 kr. á ferð. Ferðafjöldinn milli ára er óbreyttur, eða 43.102 ferðir. Tekjur Blindrafélagsins af umsjón og umsýslu

ferðaþjónustunnar eru um 4,6 m.kr. á árinu. Hér fyrir neðan eru upplýsingar um skiptingu ferða milli sveitarfélaga sem Blindrafélagið er í samstarfi við með ferðaþjónustu.

Sveitarfélag	Heildarhlutdeild	Fjöldi ferða	Meðaltal pr. ferð
Akureyrarbær	931.775	677	1.376
Akureyrarbær ferðir á höfuðborgarsvæðinu	17.210	11	1.292
Garðabær	2.231.334	654	3.412
Hafnarfjörður	1.427.664	599	2.383
Ísafjarðabær ferðir á höfuðborgarsvæðinu	2.644	2	1.322
Kaldrananeshreppur ferðir á höfuðborgarsvæðinu	547.752	317	1.728
Reykjavíkurborg	79.652.211	38.340	2.077
Seltjarnanesbær	2.074.586	947	2.191
Seltjarnanesbær A kort	423.096	200	2.115
Stykkishólmsbær ferðir á höfuðborgarsvæðinu	29.966	15	1.998
Sveitarfélagið Árborg ferðir á höfuðborgarsvæðinu	15.122	9	1.680
Vestmannaeyjar ferðir á höfuðborgarsvæðinu	28.462	9	3.162
Vesturbyggð ferðir á höfuðborgarsvæðinu	3.446	1	3.446
Samtals	87.385.268	41.781	
Notendur með 20% afslátt	2.781.714	1.231	2.260

Í apríl 2017 gerðu Blindrafélagið og Vestmannaeyjabær samning um ferðþjónustu lögblindra Vestmannaeyinga á höfuðborgarsvæðinu. Þann 14. mars 2018 undirrituðu Blindrafélagið og Kópavogsbær þjónustusamning

um að Blindrafélagið tæki að sér að reka ferðþjónustu fyrir íbúa Kópavogsbæjar sem eru greindir lögblindir af Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og geta ekki nýtt sér

almennings­samgöngur vegna fötlunar sinnar. Um er að ræða sams konar þjónustusamning og Blindrafélagið er með við Reykjavík. Að ná þessum samningi við Kópavog er afrakstur eins og hálf­s árs

viðræðulotu en Blindrafélagið hefur um áratuga skeið reynt að fá sams konar ferðaþjónustusamning við Kópavog og verið hefur í gildi í Reykjavík og á Seltjarnarnesi.

Hjálpartæki

Smávara og vefverslun

Blindrafélagið hefur um nokkurra ára skeið selt ýmiss konar smávöru sem framleiddar eru með þarfir blindra og sjónskerta í huga. Einkum eru í boði vörur frá Maxi Aids í Bandaríkjunum. Hluti sölnunnar fer fram í gegnum vefverslun félagsins. Í vefversluninni eru myndir og verð á öllum hlutum sem þar eru seldir. Álagning á þessum smávörum er mjög lítil og fá félagsmenn Blindrafélagsins þar að auki 25% afslátt. Félagið vill með þessu bæta framboð af hjálpartækjum og lítur á þessa starfsemi sem aukna þjónustu við félagsmenn fremur en að

hagnast á sjálfri sölnunni. Salan hefur verið að aukast á milli ára.

Þríkrossinn er einnig hluti af þessari sölu, en söluandvirði hans var svipað og í fyrra, rétt rúmar 6 m.kr. og framlegð sambærileg.

Við hvetjum félagsmenn til að hafa samband við afgreiðslu félagsins ef þeir eru að leita að einhverjum sérstökum vörum sem ekki eru til í dag í verslun félagsins.

Tækjaleiga

Blindrafélagið kaupir vefvarpstæki frá Hollandi og leigur þau svo út til Þjónustu-

og þekkingarmiðstöðvarinnar sem svo úthlutar þeim sem hjálpartækjum. Nokkrir

einstaklingar leigja jafnframt vefvarpstæki. Þessi starfsemi hefur verið vaxandi.

Fyrir nokkrum árum hóf Blindrafélagið að leigja út dýr og sérhæfð hjálpartæki fyrir blinda og sjónskerta. Þjónustan er fyrst og fremst ætluð skólum og stofnunum til að auðvelda þeim að afla sér nauðsynlegra

tækja við kennslu fyrir blinda og sjónskerta nemendur. Aðallega var um að ræða leigu á lestækjum (stækkunartækjum). Leiga á þess konar tækjum hefur dregist nokkuð saman og má reikna með að þetta sé þjónusta sem er að renna sitt skeið, þjónustunni var komið á á laggirnar árið 2010.

Þjónustusamningar og fengnir styrkir

Styrkur frá Velferðarráðuneytinu fyrir árið 2017

Blindrafélagið hefur undanfarin ár verið með þjónustusamning við Velferðarráðuneytið sem kveður á um að ráðuneytið styrkir tiltekna starfsemi á vegum félagsins. Í lok ársins 2015 var gerður nýr þjónustusamningur fyrir árin 2016 og 2017 við ráðuneytið sem hljóðar upp á 8 m.kr. framlag hvort ár.

Þegar fjárframlög frá ríkinu til Blindrafélagsins eru borin saman við rekstrarkostnað félagsins undanfarin ár kemur þetta í ljós:

Ár	Upphæð	Rekstrargjöld	% af gjöldum
2007	15.200.000	147.576.996	10,30%
2008	10.000.000	205.790.809	4,86%
2009	10.000.000	152.966.609	6,54%
2010	8.000.000	166.860.764	4,79%
2011	8.000.000	181.671.715	4,40%
2012	7.800.000	195.474.686	3,99%
2013	7.800.000	197.787.637	3,94%
2014	7.800.000	202.732.328	3,85%
2015	8.000.000	202.598.181	3,95%
2016	8.000.000	217.383.996	3,68%
2017	8.000.000	226.646.425	3,53%

Nú liggur fyrir að framlag Velferðarráðuneytisins til

starfsemi Blindrafélagsins á árinu 2018 verður 9 m.kr.

Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg

Blindrafélagið hefur undanfarin ár verið með þjónustusamning við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Núgildandi samningur var gerður til þriggja ára í marsmánuði 2015 og hljóðaði hann upp á 4.120.000 kr. á ári út

samningstímamann.
Samningurinn rann út
31.12.2017. Nú liggur fyrir að

framlag Reykjavíkurborgar til
starfsemi Blindrafélagsins á
árinu 2018 verður 4,2 m.kr.

Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands

Öryrkjabandalag Íslands veitir
aðildarfélögum sínum árlega
styrki til ýmissa verkefna.

Heildarstyrkur ÖBÍ til
Blindrafélagsins á árinu 2017
var 5,2 m.kr.

Aðrir styrkir og gjafir

Ýmsir einstaklingar og
fyrirtæki styrktu félagið með
stórum og smáum gjöfum og
margir þeirra vilja ekki láta
nafns síns getið. Öllum þessum

aðilum eru færðar bestu þakkir
fyrir stuðninginn. Án þeirra
væri starf félagsins ekki jafn
blómlegt og raun ber vitni.

Fjáraflanadeild Blindrafélagsins

Fjáraflanir 2017

Segja má að rekstur
Blindrafélagsins og þau
verkefni sem félagið sinnir séu
mjög háð fjáröflunum félagsins.
Meira en helmingur af
rekstrarfé félagsins (58%)
kemur í gegnum fjáraflanir
meðal almennings. Árangur í
fjáröflunum byggir mikið á því
jákvæða orðspori sem félagið
nýtur meðal almennings. Það er
mikilvægt að vera á tánum því
að aðstæður breytast í sífellu og
samkeppni er almennt að
harðna. Fleiri félagasamtök

halda úti svipuðum fjáröflunum
og Blindrafélagið og leita eftir
styrkjum frá fyrirtækjum og
einstaklingum. Fjöldi
sölumanna hefur atvinnu af því
að selja almenningi varning í
nafni vel þekktra samtaka.
Framlög fyrirtækja eru mjög
háð sveiflum í atvinnulífinu og
það hefur sýnt sig að það getur
verið fallvalt að treysta of mikið
á fjárhagsstuðning fyrirtækja.
Mikilvægt er jafnframt að draga
eftir föngum úr kostnaði og

reyna að gera hvert verkefni eins hagkvæmt og kostur er.

Megnið af fjáröflunarfé Blindrafélagsins kemur frá einstaklingum. Aukin áhersla hefur verið lög á að nýta samfélagsmiðlana til að vekja athygli á fjáröflunum félagsins og hefur það skilað nokkrum árangri. Helstu frávikin í

fjáröflunarstarfi félagsins á milli ára er að er efnt var til umfangsmikillar bakharlasöfnunar sem skilað félaginu um 2.700 nýjum bakhjörllum.

Á árinu 2017 skiluðu fjáraflanir félagsins 78 m.kr. umfram beinan fjáröflunarkostnað.

Happdrætti

Happdrætti Blindrafélagsins er ein mikilvægasta fjáröflun félagsins og hefur svo verið í mörg ár. Happdrættið fer fram tvisvar á ári með útdrætti í júní annars vegar og desember hins vegar. Vorhappdrættið er með minna sniði en hausthappdrættið. Í vorhappdrættinu voru gefnir út 60.000 miðar – við breyttum úrtaki og sendum 59.400 miða (600 miðar voru í lausasölu), sumir fengu tvo miða á heimili, alls 49.107 umslög. Við sendum áður 23.000-30.000 umslög. Einnig var ákveðið að kanna hvort það skipti máli að dreifa

með Íslandspósti þótt mikill verðmunur væri á þeim og Póstdreifingu.

Hausthappdrættið var hins vegar í svipuðum dúr og árið á undan. Miðar voru sendir til allra landsmanna á aldrinum 30–88 ára. Heildarupplag útgefna miða var 157.000. Sem fyrr fengu þeir sem eru 60 ára og eldri sína miða senda á pappír en þeir yngri fengu einungis rafræna miða. Miðaverð var kr. 2.900. Happdrættið skilaði félaginu 26,3 m.kr. afkomu á árinu, sem er sama afkoma og í fyrra.

Víðsjá

Á árinu komu út tvö tölublöð af Víðsjá, tímariti Blindrafélagsins. Var það árgangur nr. 9. Víðsjá kom fyrst út í tilefni af 70 ára afmæli félagsins árið 2009. Upplag blaðsins var svipað og undanfarin ár, um 20.000 eintök. Sem fyrr fylgdi blaðinu valkrafa sem viðtakendur gátu greitt, vildu þeir styrkja útgáfu blaðsins. Upphæð valkröfunnar var kr. 2.300, heimtur á valkröfum voru um 30%. Vel gekk að selja auglýsingar og styrktarlínur á árinu, eins og undangengin ár. Vel er vandað til blaðsins sem er í hefðbundnu tímaritabroti og prentað á góðan pappír. Víðsjá er orðin

ein af þýðingarmeiri tekjulindum fyrir félagið og skilaði útgáfan félaginu 18,1 m.kr. hagnaði á árinu 2017 á móti 18,5 m.kr. árið 2016. Tilgangur blaðsins er margþættur; fjáröflun og fræðsla, en líka eins og í allri annarri starfsemi félgsins að virkja félagsmenn og sýna í verki að blindir og sjónskertir geti sinnt fjölbreyttum verkefnum og getur blaðið þannig virkað valdeflandi fyrir félagsmenn. Það er því ánægjulegt að sjá fleiri félagsmenn taka þátt á öllum stigum í framleiðslu blaðsins. Ritstjóri Víðsjár á árinu var Rósa María Hjörvar.

Jóla kort

Afkoma af jóla kortasölu dróst nokkuð saman á árinu og skilaði félaginu 4,5 m.kr. í hagnað samanbórið við 8,1 m.kr. árið 2016. Ástæða þessa er mun minni sala en árið á undan, sem var reyndar

óvenjugott. Salan fer að mestu fram með útsendingu á jóla kortapökkum til félagsmanna, bakhjarla og annarra áskrifenda, en alls voru sendir út um 5.000 pakkar ásamt valkröfum.

Leiðsöguhundadagatöl

Leiðsöguhundadagatal Blindrafélagsins hefur verið gefið út frá 2012. Dagatalið er hugsað sem kynning á leiðsöguhundaverkefni Blindrafélagsins og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar. Á árinu 2017 var dagatalið sent út til um 19.000 einstaklinga ásamt valkröfu upp á 2.400 kr. Að auki var dagatalið í smásölu	hjá A4. Viðtökurnar voru góðar og um 37% þeirra sem fengu dagatalið greiddu valkröfuna. Afkoma á árinu 2017 var jákvæð upp á 12,0 m.kr. samanborið við 8,5 m.kr. á árinu 2016. Nýtt dagatal fyrir árið 2018 var sent út milli jóla og nýárs 2017. Upplag var um 19.000 eintök og hljóðaði valkrafan upp á 2.700 kr.
----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Bakhjarlar

Á vormánuðum 2017 var farið í átak til að safna nýjum bakhjörllum. Söfnun gekk vel og söfnuðust um 2.700 nýir bakhjarlar. Þegar farið er í söfnun bakhjarla má reikna með því að fyrsta árs tekjurnar fari í að greiða kostnað við söfnunina. Auk þess dettur alltaf einhver fjöldi út af söfnun í lokin vegna þess að þeir ætluðu bara að greiða einu sinni eða af einhverjum öðrum ástæðum. Heildarfjöldi	bakhjarla nú er 5850. Tekjur vegna bakhjarla félagsins voru 21,7 m.kr. á móti 13,0 m.kr. 2016. Afkoman 2017 var 11,2 m.kr. á móti 12,0 m.kr. 2016. Afkoman á árinu 2018 ætti hins vegar að batna nokkuð þar sem kostnaður verður minni. Allir þeir sem greiða árgjöld sín eru tryggðir gegn sjónmissi af völdum slysa og þeim sem greiða hærri framlög er einnig boðið að tryggja aðra fjölskyldumeðlimi.
-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Fyrirtækjasöfnun

Leitað var til um 1.200 fyrirtækja sem höfðu styrkt félagið með framlögum á síðustu þremur árum.	Styrktarbeiðnir voru sendar út í júní 2017 þar sem fyrirtækin voru beðin um að styrkja félagið og sérstaklega fyrirhugaðar
--------------------------------------------------------------------------------------------------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

viðhaldsframkvæmdir á Húsi Blindrafélagsins. Afrakstur fyrirtækjasöfnunarinnar var

góður eins og árið á undan og skilaði félaginu um 3,2 m.kr.

Rekstur fasteigna

Útleiga og nýting íbúða

Blindrafélagið leigir út töluvert húsnæði í Hamrahlíð 17.

Optic Reykjavík og Blindravinustofan ehf. eru með leigurými á 1. hæð, auk þess sem þar eru skrifstofur Blindrafélagsins. Á 2. hæð eru Augnlæknar Reykjavíkur og Stóreignamenn með um helming hæðarinnar á leigu og hinn helmingurinn er nýttur undir Félagsheimili Blindrafélagsins.

Á 2. og 3. hæð eru 20 leiguíbúðir í langtímaleigu fyrir félagsmenn og voru þær allar í útleigu allt árið 2017. Tvær

íbúðir losnuðu á árinu og fluttu tvær fjölskyldur inn í íbúðirnar í maímánuði.

Í húsinu eru einnig leigðar út tvær gestaíbúðir og tvö gestaherbergi. Nýting þeirra á árinu 2017 var mun betri en árið á undan. Var nýtingin sem hér segir:

Íbúð 401
(gestaíbúð/endurhæfingaríbúð):
53%

Íbúð 309 (gestaíbúð): 62%

Íbúð 304 (gestaherbergi) 40%

Íbúð 404 (gestaherbergi): 29%

Viðhaldsframkvæmdir utanhúss

Á liðnu ári ákvað stjórn Blindrafélagsins að láta fara fram úttekt á ytra byrði Hamrahlíðar 17. Óskað var eftir tilboðum frá nokkrum verkfræðistofum og varð VSB verkfræðistofa í Hafnarfirði fyrir valinu. Úttektin fór fram

sl. haust og varð niðurstaðan sú að viðhaldsþörf hússins væri upp á um 150 m.kr. Stærstu þættir viðhaldsins liggja í gluggaskiptum, múrviðgerðum og málun. Í desember var fyrsti áfangi af þremur boðinn út og varð fyrirtækið Verkfar fyrir

valinu enda með lágsta tilboðið. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna 1. áfanga verði um 40 m.kr. og að framkvæmdir muni standa frá apríl eða maí fram í

ágúst eða september, þótt heimild sé til framkvæmda fram í október. Gert er ráð fyrir að næstu tveir áfangar verði unnir á árunum 2019 og 2020.

Brunavarnir

Miklar endurbætur hafa verið gerðar á brunavörnum í Hamrahlíð 17 að kröfu Slökkviliðsins. Gerð var rýmingaráætlun og sérstakir rýmingarstjórar voru skipaðir auk þess sem sérstök viðbragðsáætlun hefur verið

gerð ef kviknar í húsinu eða ef alvarleg slys verða. Í brunaúttekt sem gerð var í febrúar 2018 var einungis ein smávægileg athugasemd gerð. Áður voru athugasemdirnar 30–40 talsins.

Félagsmáladeild

Ársskýrsla 2017-2018 fyrir tæknimál Blindrafélagsins

Kynning

Starf tölvu- og tækniráðgjafar er fólgið í því að þjónusta tækni á vegum Blindrafélagsins, stýra verkefnum tengdum þeirri tækni og sjá til þess að notendur tækninnar fái aðstoð og þjónustu. Starfið er einnig fólgið í því að þróa og skoða nýjungar í tæknimálum sem geta nýst blindum og sjónskertum.

Félagsmönnum er velkomið að leita sér aðstoðar fyrir hin ýmsu tölvu- og tæknimál og það sem þá vantar hjálp með. Mikil samvinna er með Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu (ÞPM) og er markmiðið að veita félagsmönnum alla þá aðstoð

sem þá vantar fyrir sína daglegu notkun tölva og tækja. Einnig er hægt að bóka viðtalstíma, aðstoðar- eða

kennslutíma fyrir t.d. vefvarpsnotkun eða fyrir notkun talgervla.

Vefvarp Blindrafélagsins

Á árinu 2017 voru afgreidd 45 vefvarpstæki til útlána. Í heildina eru um 275 tæki í láni hjá félaginu og er það aukning um 15 tæki á árinu. Þegar notkun vefvarpsins er skoðuð sést að hún er ansi stöðug yfir árið en minnkar örlítið yfir sumartímamann. Vinsælustu liðir vefvarpsins eru

hljóðbækur með yfir 40 notendur á dag, en þar á eftir eru dagblöð, tímarit og vefmiðlar, útvarpsstöðvar og hlaðvörp og textalestur sjónvarpsstöðva með um það bil 40 daglega notendur. Vefvarpið er, og mun vera, í stöðugri þróun hjá okkur um komandi ár.

Innri tæknimál Blindrafélagsins

Blindrafélagið ákvað að fara yfir tölvur skrifstofunnar og hugbúnaðarleyfi á árinu. Gerð var úttekt á tölvubúnaði félagsins ásamt því að uppfæra alla starfsmenn í að nota Office Live hugbúnað og skráarsöfn í skýinu eins og OneDrive og

SharePoint. Þetta gerir leyfismál félagsins miklu auðveldari í viðhaldi og einfaldar starfsfólki sem vinnur heima eða úti á landi aðgang að sínum vinnugögnum og þeim forritum sem það þarf að nota.

Nýtt hljóð- og myndkerfi í sal Blindrafélagsins

Við síðustu áramót var unnið að því að setja upp nýtt hljóðkerfi í sal Blindrafélagsins ásamt því að uppfæra skjávarpann í salnum í nýrri og skýrari lampu. Hljóðkerfið sem var sett upp er miklu betra en það

gamla og býður upp á ýmsa nýja möguleika. Nú er mjög auðvelt að taka upp efni í gegnum hljóðkerfið en einnig er hægt að senda beint út úr kerfinu. Nú eru allir félags- og aðalfundir Blindrafélagsins

sendir út í vefvarpinu og geta nú þeir sem ekki hafa tök á því að sækja fundina hlustað á þá beint í vefvarpinu með því að velja efnisliðinn „Efni frá Blindrafélaginu“ og þar „Bein útsending úr sal

Blindrafélagsins“. Einnig er mjög auðvelt að tengja ýmis tæki og tölvur inn á nýja hljóð- og myndkerfið og hægt að sýna efni í sjónvörpunum og á tjaldinu í salnum.

Vefur Blindrafélagsins

Stjórn félagsins samþykkti að fjárfesta í nýjum vef og var það verkefni klárað á árinu. Mikil áhersla var lögð á að vefurinn yrði aðgengilegur sem flestum stoðtækjum og tækjum á við farsíma og spjaldtölvur. Einnig var lögð áhersla á að auðvelt væri að tengja vefinn við samfélagsmiðla og leitarvélar á netinu svo auðvelt sé að deila upplýsingum og auglýsa starfsemi félagsins.

Vefumsjónarkerfið sem varð fyrir valinu er Moya frá Stefnu. Nýr vefur félagsins fór í loftið 28. nóvember 2017.

Eftir að vefurinn var settur í loftið höfum við tekið eftir

aukningu í heimsóknnum á vefinn milli mánaða. Þegar heimsóknartölurnar eru skoðaðar nánar sjáum við að farsímanotendur eru um 29% af gestum vefsins, og spjaldtölvunotendur eru um 8,2% gesta.

Til að fylgja betur eftir aðgengismálum fyrir vefinn hefur Blindrafélagið ákveðið að kaupa þjónustu frá fyrirtækinu SiteImprove til þess að vakta vefinn okkar og gefa okkur reglulegar skýrslur um hvar pottur er brotinn í aðgengismálum.

Aðgengisráðstefna 12. september

Þann 12. september stóð Blindrafélagið fyrir ráðstefnu um rafræna þjónustu og upplýsingaaðgengi á Hilton Reykjavík Nordica. Takmark ráðstefnunnar var að vekja

athygli á aðgengismálum og mikilvægi þess að fyrirtæki og stofnanir setji sér stefnur í þeim málum og fylgi þeim eftir. Aðsóknin á ráðstefnuna var ágæt og erindin mjög góð. Þeir

sem voru með erindi á ráðstefnunni voru Birkir Rúnar Gunnarsson hjá Blindrafélaginu um aðgengisstaðla, löggjöf og stefnur, Björn Sigurðsson hjá Stjórnarráði Íslands um Stjórnarráðsvefinn og ESB-löggjöfina, Rósa María Hjörvar hjá Blindrafélaginu um notendaupplifun, Jóhanna

Símonardóttir og Sigrún Þorsteinsdóttir hjá Sjá um notendaprófanir og aðgengisprófanir, Edda Jónsdóttir og Hreinn Hreinsson hjá Reykjavíkurborg um stefnumál Reykjavíkurborgar og rafrænt aðgengi, Inga Dóra Guðmundsdóttir hjá Háskóla Íslands um jafnrétti sem leiðarljós.

Vinnustofa um rafrænt aðgengi 13. september

Blindrafélagið stóð fyrir opinni vinnustofu í sal félagsins í Hamrahlíð 17. Vinnustofan var hugsuð fyrir forritara, verkefnastjóra, efnishöfunda og aðra sem vinna með upplýsingatækni. Aðsóknin var mjög góð og var salurinn fullur.

Baldur Snær og Birkir Rúnar fóru yfir notendaupplifanir, góðar vinnureglur í kóðun og svöruðu spurningum viðstaddra um ýmislegt tæknilegt sem varðar aðgengismál og vinnu með upplýsingar sem þurfa að vera aðgengilegar.

Ýmis verkefni tengd aðgengismálum

Í janúar 2017 hélt Birkir Rúnar Gunnarsson erindi um aðgengilega vefhönnun á alþjóðaráðstefnu Samtaka vefiðnaðarins (SVEF) um notendaupplifun. Undir lok sumars hafði félagið aðkomu að „Hvað er spunið í opinbera vefi?“ aðgengisúttektinni sem nær yfir 250 vefi opinberra stofnana. Úttektin fer fram annað hvert

ár og hefur verið í höndum Birkis Rúnars Gunnarssonar og Sigrúnar Þorsteinsdóttur frá Sjá ehf. síðan 2013. Í nóvember voru Birkir og Sigrún hjá Sjá með námskeið í vefaðgengi sem hluta af vefnámsbraut Tækniskólans. Í nóvember og desember vann Birkir með Þjóðskrá Íslands að aðgengisumbótum á vefnum island.is og „Mínar síður“.

Fyrsti afrakstur verkefnisins fór í loftið í febrúar 2018, en von er á fleiri uppfærslum fljótlega. Birkir á sæti í tækninefnd Evrópsku blindrasamtakanna (European Blind Union) fyrir hönd Blindrafélagsins. Nefndin hefur sinnt verkefnum sem tengjast innleiðingu evrópsku aðgengistilskipunarinnar sem samþykkt var þann 22. desember 2016. Í lok árs var samþykkt að hefja hlaðvarp um aðgengismál í Evrópu og er búist við að fyrsti þátturinn fari í loftið á vormánuðum 2018. Á árinu var aðgengisteymið beðið um að kíkjá á vefi og smáforrit sem ekki voru mjög aðgengileg fyrir félagsmenn. Haft var samband við fyrirtæki og ráðgjöf veitt til þeirra sem óskuðu eftir því. Oft eru

viðbrögð fyrirtækja mikil vonbrigði en stundum taka fyrirtæki sig á og leggja virkilega vinnu í þennan málaflokk. Verkefni sem að snúa að stafrænu aðgengi eru ört vaxandi í starfsemi Blindrafélagsins auk þess sem mikilvægi þeirra eykst. Þetta kallar á aukna sérhæfinu í færni meðal starfólks. Mjö mikilvægt er að vinna áfram að því að hvetja stofnanir og fyrirtæki til að gera betur með sína vefi, rafræna þjónustu og tæknilausnir. Þegar fyrirtæki og stofnanir þróa sínar lausnir á aðgengi ekki að vera eftiráhugsun, heldur eitthvað sem menn taka tillit til frá byrjun.

Vefpula

Við höfum haldið áfram samstarfi með ReadSpeaker í sölu á Vefpula á Íslandi en lausnin sem ReadSpeaker býður upp á heitir Enterprise Highlighting. Á árinu kom út ný útgáfa af vefpulunni frá ReadSpeaker sem er aðgengileg

íslenskum notendum en viðmótið fyrir þessa nýju uppfærslu hefur ekki fengið íslenska þýðingu. Við höfum boðist til að gera þessa þýðingu fyrir ReadSpeaker og verður líklega unnið að henni snemma árs 2018.

Talgervilsraddirnar Karl og Dóra

Blindrafélagið hefur haldið áfram að úthluta talgervilsröddunum Karli og Dóru til allra þeirra einstaklinga sem ekki geta lesið með eðlilegum hætti. Þeir sem hafa rétt á endurgjaldslausri úthlutun þurfa að velja sér annaðhvort Karl eða Dóru við úthlutun. Þeir sem vilja geta síðan keypt hina íslensku röddina hjá Blindrafélaginu. Fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar geta keypt stakar raddir, eða pakka með báðum röddunum í gegnum skrifstofu

Blindrafélagsins eða í netverslun Blindrafélagsins. Árið 2017 var 138 röddum úthlutað og þær seldar. Frá byrjun hafa um 1.700 einstaklingar og fyrirtæki keypt eða fengið úthlutað röddum af Blindrafélaginu. Blindrafélagið hefur séð til þess að talgervilsraddirnar Karl og Dóra séu til fyrir Android-stýrikerfi og er hægt að ná í raddirnar sér að kostnaðarlausu í Google Play. Samkvæmt Google Play hafa raddirnar verið sóttar á bilinu 100 til 500 sinnum.

Ársskýrsla trúnaðarmanna Blindrafélagsins 2017-2018

Markmið trúnaðarmanna Blindrafélagsins er að miðla af reynslu sinni og veita þannig andlegan stuðning þeim sem hafa misst eða eru að missa sjón og aðstandendum þeirra. Ennfremur að veita almennar upplýsingar um réttindi og þjónustu við blinda og sjónskerta. Brynja Arthúrsdóttir hætti störfum fyrir aldurs sakir og að eigin ósk um síðustu áramót eftir 12 ára starfsferil hjá

Blindrafélaginu. Elín Hreindal Bjarnadóttir sem fór í eins árs launalaust leyfi frá og með miðju seinasta ári hefur tilkynnt að hún muni ekki koma til baka til starfa.

Trúnaðarmenn hvetja til virkrar þátttöku í samfélaginu og eru fyrirmynd hvað það varðar sem og annað í daglegu lífi. Trúnaðarmaður á að geta veitt almennar upplýsingar um

réttindi og þjónustu við blint og sjónskert fólk. Hann á að vera vakandi fyrir nýjungum í tæknimálum og á sviði hjálpartækja og endurhæfingar.

Trúnaðarmenn hringja í flestalla félagsmenn a.m.k. tvisvar á ári til þess að fylgjast með gangi mála og veita stuðning og upplýsingar eftir þörfum. Félagsmenn Blindrafélagsins eru rúmlega 700 að tölu og eru því símtöl trúnaðarmanna hátt á annað þúsund.

Arnheiður Björnsdóttir, ráðgjafi Blindrafélagsins, hringir fyrsta símtal í nýja félagsmenn og segir þeim frá trúnaðarmannakerfinu og deilir skjólstæðingum jafnt á milli trúnaðarmannanna.

Þann 17. maí var haldinn mjög vel heppnaður starfs- og fræðsludagur trúnaðarmanna. Trúnaðarmenn ásamt ráðgjafa hittust og ræddu um starfið. Þá kom séra Jóna Hrönn Bolladóttir á fundinn og hélt mjög fræðandi fyrirlestur um sorg og sorgarferli. Góðar og gagnlegar umræður voru eftir fræðsluna sem á örugglega eftir

að nýtast trúnaðarmönnum og ráðgjafa vel í starfi.

15. nóvember var haldinn starfsdagur trúnaðarmanna. Á hann mættu trúnaðarmennirnir Brynja, Dagný, Jón Helgi og Helga og einnig Arnheiður Björnsdóttir ráðgjafi.

Rætt var vítt og breitt um starfið og bækur bornar saman. Það kom skýrt fram hversu nauðsynlegt væri fyrir trúnaðarmenn og ráðgjafa að fá hóphandleiðslu frá sálfræðingi tvisvar á ári. Búið er að ganga frá því við framkvæmdastjóra að trúnaðarmenn og ráðgjafi fái þennan stuðning frá sálfræðingi í framtíðinni.

Á fundinn voru boðuð Steinunn Helgu Hákonardóttir og Hjalti Sigurðsson félagsmálafulltrúar til að ræða um opna húsið. Trúnaðarmenn eru duglegir að kynna opna húsið fyrir félagsmönnum og eru í góðu samstarfi við félagsmálafulltrúa. Brynja hefur tekið á móti nýjum gestum í opna húsinu, snætt með þeim hádegisverð og setið með þeim til enda. Ákveðið var að Arnheiður og Dagný myndu taka við þessu hlutverki

og skipta með sér að taka á móti nýliðum í opnu húsi. Allir voru sammála um hversu miklu máli skiptir að taka vel á móti nýjum félagsmönnum þegar þeir stíga sín fyrstu skref í félagsstarfið.

Trúnaðarmenn eru Dagný Kristmannsdóttir, Jón Helgi Gíslason og Helga Friðriksdóttir.

Brynja Arthúrsdóttir, yfirtrúnaðarmaður

Ársskýrsla alþjóðafulltrúa 2017-2018

Blindrafélagið tekur þátt í norræna samstarfi blindrasamtakanna. NSK er samstarfsnefnd norrænu blindrasamtakanna og NKK er kvennanefnd þeirra. Einnig tekur ungmennanefndin NUK þátt í norræna samstarfinu. Árlega eru haldnir tveir fundir í þessum nefndum. Svíar hafa undanfarin tvö ár farið með formennsku í samstarfinu og munu Danir taka við á vorfundinum á Íslandi. Rætt er um málefni sem varða öll samtök, þar má t.d. nefna menntun, punktaletur, leiðsöguhundamál og tæknimál. Einnig er rætt um starfið innan EBU og WBU og oft teknar sameiginlegar ákvarðanir varðandi þessi samtök.

Vorfundirnir voru að þessu sinni haldnir í mars í Helsinki

og haustfundirnir í október í Fuglsangcenter í Danmörku. Í tengslum við haustfundina var haldin norræn ráðstefna með nærri 50 þátttakendum frá öllum Norðurlöndum. Þema ráðstefnunnar var samskipti samtakanna bæði inn og út á við, hvernig við komum skilaboðum á framfæri við félagsmenn, almenning og ráðamenn. Ísland sendi átta þátttakendur og einn aðstoðarmann á ráðstefnuna. Rósa María Hjörvar hélt erindi um frásagnarlistina, Marjakaisa Matthíasson talaði um verkefnið Gulum Reykjavík og Sigbór Unnsteinn Hallfredsson um samskipti í litlu samfélagi þegar maður þekkir mann.

Blindrafélagið á einnig aðild að:

- European Blind Union (EBU),
- World Blind Union (WBU) og

- Retina International (RI).

Marjakaisa Matthíasson,
alþjóðafulltrúi

Ársskýrsla ráðgjafa 2017-2018

Ráðgjafi er í 50% starfshlutfalli. Vinnudagarnir eru þriðjudagur, miðvikudagur og fimmtudagur, tveir heilir dagar og einn hálfur. Á þeim tímum er félagsmönnum velkomið að koma á skrifstofuna og tala við mig án þess að panta sérstaklega viðtalstíma. Ég sendi öllum nýjum félagsmönnum kynningarmöppu og hringi svo fyrsta símtal í þá og/eða tek á móti þeim og aðstandendum þeirra á skrifstofunni, kynni fyrir þeim trúnaðarmannakerfi Blindrafélagsins og hvað er á döfinni hjá félaginu hverju sinni, eins og Opið hús og bókaklúbburinn. Auk þess panta ég félagsskírteini og stimpla fyrir þá félagsmenn sem þess óska og sækja um frían aðgang að 1818 fyrir lögblinda félagsmenn.

Ég fylgi nýjum félagsmönnum fyrsta skiptið sem þeir sækja

Opið hús og borða með þeim í hádeginu.

Ég held utan um trúnaðarmannakerfi Blindrafélagsins og skipulegg starfs- og fræðsludag. Þann 18. apríl næstkomandi kemur Reynar Kári Bjarnason, sálfræðingur hjá Lífi og sál sálfræðistofu ehf., með fyrirlestur og verður svo með hóphandleiðslu fyrir okkur fjögur eftir fyrirlesturinn. Trúnaðarmenn á liðnu starfsári voru Brynja Arthúrsdóttir sem lét af störfum um áramótin 2017-2018 og var Dagný Kristmannsdóttir ráðin í hennar stað, Elín Hreindal Bjarnadóttir sem fór í launalaust leyfi í eitt ár frá júní 2017 og hefur tilkynnt að hún muni ekki koma aftur til starfa, Jón Helgi Gíslason var ráðinn í hennar stað, og svo er það Helga Friðriksdóttir.

Ég hringi í umsækjendur ferðapjónustunnar þegar samningur þeirra er tilbúinn til undirritunnar, afhendi hann og fer yfir reglurnar með þeim.

Ég fór einu sinni í mánuði til áramóta 2017-2018 með Brynju Arthúrsdóttur í Ökuskólann með erindi fyrir nemendur í svokölluðu harkaranámskeiði sem ætla sér að gerast leigubílstjórar og gætu keyrt hjá Hreyfli sem þjónustar Ferðapjónustu Blindrafélagsins. Þar sem Brynja hefur látið af störfum hef ég tekið við.

Ég fylli út umsókn um endurnýjun húsnæðisbóta fyrir félagsmenn sem þess óska.

Ég sendi stjórn félagsins skrá yfir nýja félagsmenn mánaðarlega og held líka skrá yfir látna félagsmenn.

Nýir félagsmenn frá síðasta aðalfundi voru orðnir 79 21. mars 2018 og látnir félagsmenn á þessu sama tímabili eru 36.

Arnheiður Björnsdóttir

Mötuneyti Blindrafélagsins

Á síðasta ári seldust 5.500 máltíðir sem er um 150 máltíðum færri en árið á undan. Mér reiknast til að þetta séu 25 máltíðir að meðaltali á dag. Í opnu húsi seldust 1.150 kaffiskammtar yfir níu mánaða tímabil. Gestir í boði umsjónarmanna voru 211 og svo tókum við á móti 70 meðlimum í tveimur kórum. 27 nýir félagsmenn voru boðnir í kaffi í opnu húsi. Þegar hugað er að eldhúsi félagsins þarf að hafa í huga

hvernig uppbygging mötuneytis er, með tilliti til aðstöðu og aðbúnaðar sem er til staðar í eldhúsi, sem og fyrirkomulags og skipulags í matsal þannig að allt gangi sem best og þægilegast fyrir sig á mestu álagstímunum.

Vinnuaðstaðan er mjög góð og nýi ofninn reynist einstaklega vel.

Í starfi mínu hef ég að leiðarljósi þau ráð sem heilbrigðiseftirlit og manneldisráð mæla með og hvet einnig aðra til að fylgja

þeim eftir. Ég fylgi eftir þeim reglum sem settar eru upp í heilbrigðismálum, en dagleg þrif eru stór þáttur í starfi mínu sem og eftirlit með geymslum fyrir hráefni, s.s. kæli, frysti og þurrgeymslu. Einnig fylgi ég GÁMES en það er gæðaeftirlitskerfi og fer ég því vandlega yfir þær vörur sem berast í eldhús til mín. Ég kanna ástand þeirra, þakkingar, flutninga og meðhöndlun. Með þetta að leiðarljósi leitast ég ávallt við að hafa úrvalshráefni til meðhöndlunar og er ég þar með í mjög góðum samskiptum við birgja, bæði hvað varðar verð og gæði hráefnis. Matseðlana vinn ég svo sex vikur í senn í samráði við birgjana og hvort hægt sé að

útvega besta mögulega hráefnið hverju sinni.

Stefna mín er sú að fylgja ráðleggingum Lýðheilsustöðvar og manneldisráðs en þær fela í sér hollt, næringarríkt og heilsusamlegt fæði og að allir fái bestu gæði og hollustu sem völ er á hverju sinni.

Einnig hlusta ég eftir því hvaða óskir fólk hefur og reyni að taka tillit til þess hverju sinni. Ég leitast við að hafa matinn heimilislegan og vel framsettan. Ég reyni að hafa fjölbreytt meðlæti í boði þegar það er opið hús, en það er ekkert skemmtilegra en að hafa alla sadda og sátta.

Bestu kveðjur,
Þórkatla Norðquist
matartæknir/matsveinn

Félagsstarfið

Ársskýrsla skemmtinefndar 2017-2018

Í skemmtinefnd Blindrafélagsins 2017-2018 voru Baldur Snær Sigurðsson, Hannes Axelsson, Arnheiður Björnsdóttir, Þórarinn Þórhallsson og Ragnar Þór Steingrímsson. Skemmtinefndin hélt kótelettukvöld föstudaginn 27. október 2017 og heppnaðist það mjög vel. Fengum við félagsfólk úr ýmsum áttum til að koma og skemmta okkur. Fram komu Kaisu Hynninen, Guðfinnur Karlsson, Haraldur G. Hjálmarsson og Hlynur Þór Agnarsson. Jólhlaðborðið var á sínum stað 2. desember 2017 og í þetta sinn var veislustjóri Felix Bergsson. Honum til aðstoðar með píanóleik var Karl Olgeirsson og stóðu þeir sig alveg frábærlega. Veisluþjónustan Kokkarnir sá um matinn og í lokin komu þau Unnar, Gunnar og Gyða og sungu fyrir okkur nokkur lög. Þorrablótið var haldið 3. febrúar 2018 og veislustjóri var

Ólafur Beinteinn ásamt Ingibjörgu Aldísi. Ólafur og Ingibjörg tóku á móti gestum með harmonikkuleik og skapaðist alveg frábær stemning um kvöldið. Það voru sagðar góðar sögur og vel sungið í salnum. Föstudagskvöldið 23. mars 2018 var síðan haldin páskagleði. Boðið var upp á lambaskanka sem Ottó kokkur sem sá um kóteletturarnar eldaði fyrir okkur þetta kvöld. Veislustjórinn var Sigþór Unnsteinn Hallfreðsson, formaður félagsins, og tónlistargestur kvöldsins var Hlynur Þór Agnarsson ásamt gesti. Skemmtinefndin verður með í undirbúningsnefnd fyrir sumarhátíð Blindrafélagsins sem áætlað er að verði haldin 23. júní 2018. Skemmtunin verður fyrir alla félagsmenn og fjölskyldur þeirra og er undirbúningurinn þegar hafinn.

Ársskýrsla bókmenntaklúbbs 2017-2018

Bókmenntaklúbburinn hófst af fullum krafti 26. september 2017. Hist var reglulega fyrsta og þriðja þriðjudag í hverjum mánuði og áætlað að fara í sumarfrí 15. maí. Eftir áramót var ákveðið að breyta tímanum og byrja stundvíslega kl. 15:40 og hætta kl. 17:10. Þessi tímabreyting kemur sér betur fyrir þá sem koma beint úr opnu húsi og hentar einnig betur flestum öðrum í klúbbnum. Mæting hefur verið góð í vetur og mæta allt upp í 15 manns þegar flest er.

Einhverjir hafa hætt og nýir komið í staðinn. Aldursbreidd er nokkur og fólk skiptist á ólíkum skoðunum um bækurnar og eru umræður stundum ansi líflegar og skemmtilegar.

Sem fyrr hefur klúbburinn átt mjög ánægjuleg samskipti við Hljóðbókasafnið og þar hefur Hulda Pétursdóttir verið aðaltengiliður. Þökkum við henni frábæra þjónustu, góð ráð og ábendingar.
Brynja Arthúrsdóttir

Opið hús

Opið hús er fastur liður í félagslífi Blindrafélagsins og mikilvægur hornsteinn fyrir fastagesti þess. Opið hús er ætlað öllum þeim sem vilja koma og skemmta sér í góðum félagsskap og eiga samverustundir með skemmtilegu fólk. Í Opnu húsi á fólk góðar stundir saman yfir kaffibolla og nýtur þess sem dagskráin kann að bjóða upp á hverju sinni, m.a. söngs, upplestrar, tónlistar og gamansagna.

Reyndin hefur verið sú að stærstur hluti gesta Opna hússins er eldra fólk en þó mætir þangað fólk á ýmsum aldri. Síðastliðið ár hefur aðsókn að Opnu húsi á þriðjudögum og fimmtudögum verið að meðaltali nálægt 20 manns. Opið hús var á starfsárinu með sínu sama hefðbundna sniði og verið hefur undanfarin ár og starfsemin verið á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 13 til kl. 15.

Umsjónarmenn Opna hússins voru Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir,

Ingunn Jensdóttir, Jón
Júlíusson, Jónína Herborg
Jónsdóttir, Ólafur Beinteinn
Ólafsson, Sigurður G. Tómasson
og Steinunn Helgu
Hákonardóttir.

Félagsmálafulltrúi
Blindrafélagsins hefur
yfirumsjón með starfseminni og
samræmir dagskrá.
Starfi félagsmálafulltrúa gegndi
Steinunn Helgu Hákonardóttir
til ársloka 2017 en um áramótin
tók Hjalti Sigurðsson við
starfinu.

Opið hús fór í fjórar ferðir og
heimsóknir 2017-2018. Í
vorferðinni 2017 voru
Friðheimar og Kaffi Mika í
Reykholti heimsótt og á
heimleiðinni var farið út að
borða á Hótel Grímsborgum.
Sumarferðin hélt leið sinni í
Hvalfjörðinn þar sem
Stríðsminjasafn í umsjón Gauja
litla var skoðað og borðað á
Hótel Glym. Leiðin lá aftur
austur fyrir fjall í haustferð
Opins húss og var Lava-setrið á
Hvolsvelli skoðað og þar
drukkið kaffi og með því. Á
leiðinni til Reykjavíkur var
farið út að borða á Hótel Örk.
Sex meðlimir
Suðurlandsdeildar
Blindrafélagsins slógust í

hópinn á Selfossi. Í mars
síðastliðnum var svo farið á
þriðjudegi á Akranes að
heimsækja
Vesturlandsdeildina. FEBAN,
Félag eldri borgara á Akranesi
og nágrenni, bauð til
kaffisamsætis og tónlistar- og
fræðsludagkrár í sal sínum.
Þátttakan í ferðum Opna
hússins er alltaf góð, á bilinu
40-55 manns. Í ferðalögum
nýtur félagsmáladeildin
liðsinnis starfsmanna úr
afgreiðslu og eldhúsi félagsins.
Opið hús á laugardögum er
haldið að jafnaði þrisvar til
fjórnum sinnum yfir starfsárið.
Félagsmálafulltrúinn hefur
ávallt umsjón með dagskránni á
laugardögum og fær
skemmtilega gesti til að vera
með fræðslu og tónlistaratriði.
Dagskráin hefst kl. 11 með
fræðsluerindi en á eftir því er
framreiddur heitur matur áður
en deginum lýkur með
tónlistardagskrá. Í vetur var
Opið hús á laugardegi haldið
þrisvar, 16. desember, 3. mars
og 21. apríl. Meðal gesta voru
Anna Sigríður Þráinsdóttir,
Elísabet Brekkan og
hljómsveitin Baggalútur.
Hjalti Sigurðsson,
félagsmálafulltrúi

Ársskýrsla Norðurlandsdeildar

Starfsemi Norðurlandsdeildar hefur átt undir högg að sækja að undanförunu. Það hefur sett mark sitt á starfið. Fresta þurfti bæði hefðbundnum jólafundi og þorrablóti vegna ónógrar þátttöku. Því var enginn fundur eða starf í

félaginu á árinu. Reynt var að efla samskipti sjónskertra ungmenna með því að hittast en ekki hefur orðið meira úr því starfi.

Jón Heiðar Daðason,
formaður

Ársskýrsla Suðurlandsdeildar 2017-2018

Þetta árið hefur Suðurlandsdeildin haldið fundi yfir vetrarmánuðina síðasta þriðjudag hvers mánaðar að undanskildum desembermánuði. Fundarstaðurinn er nú um stundir í húsnæði sem Félagsstarf eldri borgara hefur til umráða í Grænumörk 5 á Selfossi. Fundirnir eru haldnir kl 13.00 og standa yfirleitt um það bil tvo klukkutíma. Vegna lasleika fyrrverandi formanns var aðalfundi flýtt og kosið í stjórn. Í stjórn nú eru Kristín Ingólfssdóttir, Guðrún Sigríður Þórarinsdóttir og Þórunn Guðnadóttir. Stjórnin skiptir með sér verkum eftir atvikum.

Á árinu 2017 var farið til Eyrabakka til tilbreytingar á maífundu. Einnig var samkvæmt venju haldinn jólafundur í nóvember. Var hann haldinn á veitingastaðnum Menam á Selfossi og snæddur góður kvöldverður. Um haustið slógust nokkrir félagar í för með Blindrafélaginu og fóru í ferð að Hvolsvelli þar sem nýja Eldfjalla- og jarðskjálftamiðstöðin var skoðuð. Ferðinni lauk svo á Hótel Örk þar sem snæddur var kvöldverður. Ekki bar fleira til tíðinda á þessu ári sem var frekar raunalegt þar sem þrír félagar deildarinnar létust á árinu og einn félagi varð að fara á

hjúkrunarheimili austur í Rangárvallasýslu. Sem kunnugt er er ferðaþjónusta ekki í boði á svo löngum leiðum.

Með kveðju,
Guðrún S. Þórarinsdóttir

Árskýrsla Suðnesjadeildar 2017-2018

Fyrsti félagsfundur

Suðurnesjadeildar var haldinn 19. janúar að Heiðarholti 22 í Reykjanesbæ. Félagsmenn hafa ekki aðgengi að fundaraðstöðu í bænum svo að ákveðið var að hittast annan mánudag í mánuði heima hjá félagsmönnum. Sumarfrí var í júní og júlí. Fundir héldu síðan áfram einu sinni í mánuði fram til áramóta.

Boðið er upp á göngu og léttar æfingar í Reykjaneshöllinni þrisvar í viku þar sem einn nefndarmanna gengur þar reglulega og býður öðrum samfylgd. Gönguferðir hafa verið farnar um byggðarlögin en áhugasamir hringja sig saman þegar hentar. Markmiðið er að ganga í kringum öll byggðarlögin á Suðurnesjum. Félagsmenn tóku þátt í vor- og haustferðum með Opnu húsi og fóru á jólafund með Baggalúti. Mikil ánægja er með þessa heimsóknir í Hamrahlíð 17.

Á síðasta fundi ársins kom fram vilji til að stofna bókaklúbb á næsta ári og byrja í janúar 2018.

Í deildinni eru nú 29 félagsmenn og nær deildin yfir fimm byggðarlög, þ.e. Reykjanesbæ, Sandgerði, Garð, Voga og Grindavík.

Sorglegt er að einn stjórnarmaður sem býr í Grindavík og er aðeins 41 árs en hefur mikinn áhuga á starfinu er lokaður af þar sem fáar ferðir eru á milli þessara byggðarlaga og hann nýtur engrar ferðaþjónustu.

Suðurnesjadeild Blindrafélagsins var stofnuð á 75 ára afmælisdegi Blindrafélagsins 19. ágúst 2014. Þau sem skipa stjórn deildarinnar eru:
María Hauksdóttir
Reykjanesbæ
Sigfús B. Ingvason
(Reykjanesbæ)

Már Gunnarsson
(Reykjanesbæ)
Kristín Sveinsdóttir
Reykjanesbæ

Pormar Helgi Ingimarsson
(Grindavík)

Fyrir hönd stjórnar,
María Hauksdóttir

Ársskýrsla UngBlind 2017-2018

Aðalfundur UngBlind var haldinn laugardaginn 13. maí 2017. Helga Dögg Heimisdóttir var kosin formaður, Eypór Kamban Þrastarson ritari og Dagný Kristjánsdóttir gjaldkeri. Í lok júní stóð UngBlind fyrir verkefninu Gulum Reykjavík og tóku sjö félagsmenn þátt í verkefninu ásamt fulltrúum frá Norðurlöndunum. Verkefnið tengist Yellow the World verkefni sem Dario Sorgato stendur fyrir. Markmið verkefnisins er að vekja athygli á sjónrænu aðgengi og gera heiminn skemmtilegri fyrir sjónskerta og aðra sem njóta góðs af góðu aðgengi. Á starfsárinu hittust félagsmenn UngBlind nokkrum sinnum á óformlegum fundum á kaffihúsi. Einnig tóku einhverjir félagsmenn þátt í leiðsöguhundakynningu sem haldin var í Hamrahlíð 17 í október. Ddeildin stóð fyrir ferð á Bogfimisetrið í desember.

Á alþjóðlegum vettvangi var hápunktur deildarinnar norrænar sumarþúðir í júlí í Danmörku, þangað sendi UngBlind fjóra þátttakendur og aðstoðarmann. Tveir stjórnarmenn tóku þátt í UNK-ráðstefnu sem haldin var í Danmörku í 8.-12. október. Aðalfundur UngBlind vorið 2018 var haldinn 14. mars. Þar var samþykkt að halda aðalfundi framvegis að hausti sem helgarviðburð að norrænum sið og verður næsti aðalfundur haldinn í september 2018. Á aðalfundinum voru eftirfarandi kosin í stjórn: Eypór Kamban Þrastarson formaður og aðrir í aðalstjórn eru Colin Arnold Dalrymple og Helga Dögg Heimisdóttir. Í varastjórn sitja Margrét Helga Jónsdóttir og Iva Marín Adrichem. Helga Dögg Heimisdóttir

Ársskýrsla foreldradeildar 2017-2018

Hin hefðbundna sumarhátíð sjóðsins Blind börn á Íslandi og foreldradeildar var haldin laugardaginn 10. júní í garðinum í Hamrahlíð 17. Veðrið var með besta móti og skemmtu allir sér í útileikjum. Aftur var ákveðið að halda helgarbúðir fyrir börn á aldrinum 9 til 16 ára í Reykjadal fyrstu helgina í september. Þátttakendurnir voru 11 talsins. Á föstudeginum var farið í heimsókn í Rokksafnið í Reykjanesbæ og á laugardagsmorgun skemmtum við okkur í Skypark trampólíngarði Íslands sem tók á móti hópinn okkar áður en opnað var fyrir almenning. Í Reykjadal nutum við samverunnar úti og inni í mismunandi leikjum og í sundlauginni. Þann 28. september var foreldradeildinni og UngBlind boðið saman til Íshesta þar sem við fengum fyrst að hitta hestana í hesthúsinu og gefa

þeim að borða. Að því loknu fengu svo allir sem vildu að fara á bak.

Kynning á starfi leiðsöguhunda var haldin þann 28. október. Lilja Sveinsdóttir og Halldór Sævar Guðbergsson hittu okkur í Hamrahlíðinni með hundana Bono og Ólíver og sýndu okkur hvernig þeir hjálpa þeim með aðgerðir hversdagsins. Börnin fengu sjálf að prufa að nýta sér handleiðslu hundanna og að því loknu var pulsupartí.

Þann 19. nóvember var farið í leikhús þar sem byrjað var á pítsuveislu og að því loknu var horft á leikritið Blái hnötturinn. Á undan sýningunni fengum við að skoða sviðið í návígi og hitta leikara úr sýningunni.

Hið árlega jólaföndur var haldið 3. desember í sal

Blindrafélagsins í samstarfi við sjóðinn Blind börn á Íslandi.

Ísak Jónsson, formaður

foreldradeildar

Marjakaisa Matthíasson,
starfsmaður

Leiðsöguhundadeild

Leiðsöguhundadeildin fékk góða heimsókn til sín í vetur. Helena

Björnsdóttir Redding kom og sagði frá úthlutun hunda í

Noregi og því ferli sem notandi og hundur fara í gegnum þar. Einnig sagði hún frá leiðsöguhundadeildinni þar í landi og því sem þar er gert. Var mjög vel mætt.

Í vor átti deildin samstarf með einstaklingum frá Víetnam sem eru að safna fé fyrir fátækt fólk í sínu heimalandi og öðrum hópum líka og varð leiðsöguhundaverkefnið fyrir

valinu í ár. Stóðu þau fyrir veganréttu kvöldverði með frjálsu framlagi til styrktar fátæku fólki í Víetnam og leiðsöguhundaverkefninu. Kom mér á óvart hvað réttirnir eru ljúffengir og hefði óskað að fleiri innan Blindrafélagsins hefðu mætt. Góð mæting var frá þeirra fólki. Kvöldið tókst samt mjög vel.

Lilja Sveinsdóttir

Ársskýrsla Retina Ísland

Retina Ísland, sem í almennu tali er gjarnan kallað RP-deild, hefur það að markmiðið að vera vettvangur fyrir þá sem eru með arfgenga ólæknandi hrörnunarsjúkdóma í sjónhimnu og aðstandendur þeirra, með áherslu á fræðslu og jafningjastuðning. Í starfi deildarinnar er lögð mikil áhersla á að kynna það nýjasta sem er að gerast í vísindarannsóknum sem miða að því að finna meðferðir við þessum sjúkdómum. Deildin stendur fyrir atburðum yfir vetrarmánuðina. Auk þess tekur deildin þátt í alþjóðlegu samstarfi innan Retina International og á

samstarfsvettvangi norrænu systursamtakanna.

Stjórn deildarinnar skipa Sigþór Unnsteinn Hallfreðsson formaður, Kristinn Halldór Einarsson gjaldkeri, Elín Bjarnadóttir ritari og Alexander Hrafnkelsson og Haraldur Matthíasson meðstjórnendur.

Samráðsfundur norrænu RP-félaganna og deilda var að þessu sinni haldinn í Finnlandi 15.-16. september 2017, á sama tíma og finnsku samtökin héldu sína árlegu vörðstefnu. Auk samráðsfundarins sóttu fundarmenn ráðstefnuna en þar voru á dagskrá fróðleg erindi

sjónhimnusjúkdóma,
tækninýjungar og fleira.
Ráðstefnan var send út í beinu
streymi um allt Finnland.

Aðalfundur Retina
International (RIWC) var
haldinn 8. febrúar 2018 í
Auckland á Nýja-Sjálandi. Þar
tók Blindrafélagið fyrir hönd
Retina Íslands formlega við
undirbúningi að næstu
ráðstefnu sem haldin verður í
Reykjavík í byrjun júní 2020
samhliða norræna
augnlæknaþinginu.
Eftirtektarvert var hversu
mikill áhugi er fyrir
ráðstefnunni í Reykjavík 2020.
Bæði var það spennigur fyrir
því að heimsækja Ísland og ekki
síður vegna þess hvers konar
fyrirlestrar það eru sem við
getum verið að gera okkur vonir
um að verði á dagskrá.
Á aðalfundi RI var Christina
Fasser frá Sviss endurkjörin
formaður Retina International
en jafnframt lýsti hún því yfir
að þetta yrði hennar síðasta
kjörtímabil. Því er ljóst að það
verður kosinn nýr forseti á
aðalfundinum í Reykjavík 2020.
Á fundinum var kosinn nýr
varaforseti en það er Fraser
Alexander frá Nýja-Sjálandi og

Kristinn Halldór Einarsson var
endurkjörinn í stjórn
samtakanna.
Það verður ærið verkefni næstu
tvö árin að undirbúa
ráðstefnuna RIWC2020 í
Reykjavík en jafnframt
gríðarlega mikið tækifæri sem
mun án efa efla starf
deildarinnar og
Blindrafélagsins. Markmið
samtakanna er að fylgjast með
og styðja við vísindarannsóknir
sem miða að því að finna
meðferðir við arfgengum
hrörnunarsjúkdómum í
sjónhimnu. Á ráðstefnum RI
eru fluttir fjölmargir
fyrirlestrar, annars vegar mjög
fræðilegir fyrir fagfólkið, lækna
og vísindamenn og hins vegar á
„mannamáli“ fyrir sjúklinga og
aðstandendur þeirra. Það að fá
tækifæri til að halda ráðstefnu
RI á heimavelli er gullið
tækifæri fyrir íslenska
vísindamenn og
heilbrigðisstarfsfólk til að
kynna rannsóknir sínar og til
að kynna sér allt það nýjasta
sem er að gerast á vettvangi
vísindanna, hvort heldur sem er
á sviði mögulegra
genalækninga,
stofnfrumumeðferða,
lyflækninga eða

grunnrannsóknna. Fyrir sjúklinga með arfgenga hrörnunarsjúkdóma, svo sem RP og AMD, og aðstandendur þeirra er þetta einstakt tækifæri til að sjá og heyra fremstu vísindamenn heims á þessu sviði segja frá rannsóknum sínum og niðurstöðum.

Undirbúningur fyrir ráðstefnuna RIWC2020 í Reykjavík er kominn á fullt skrið undir forystu Helga Hjörvars, formanns undirbúningsnefndar. Skipað hefur verið í vísindanefnd ráðstefnunnar en hún gegnir lykilhlutverki við hinn faglega undirbúning og val á vísindarannsóknum sem verða kynntar á ráðstefnunni. Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við Ulleval-sjúkrahúsið í Osló, hefur tekið að sér formennsku í vísindanefndinni.

Sem fyrr hefur deildin stefnt að óformlegri samveru yfir vetrarmánuðina, svokölluðum „RP-hittingi“. Markmiðið er að hittast og spjalla saman á óformlegum nótum og miðla reynslu hver til annars. Einnig hefur þetta verið vettvangur til að ná til þeirra sem eru með arfgenga sjónhimnusjúkdóma en standa utan Blindrafélagsins. Þessir óformlegu fundir hafa í gegnum tíðina ýmist verið haldnir á kaffihúsum eða í Hamrahlíð 17 og einnig hafa félagsmenn verið heimsóttir á vinnustaði sína. Vetrarstarfinu lauk síðan með fræðslufundi í apríl þar sem farið var yfir það helsta sem kom fram á ráðstefnu Retina International varðandi rannsóknir á arfgengum sjúkdómum í sjónhimnu og mögulegum meðferðum.

Sigþór Unnsteinn Hallfreðsson,
formaður Retina Íslands

Ársskýrsla jafnréttisnefndar 2017-2018

Fyrir áramót hélt jafnréttisnefnd fund þar sem

ákveðið var að halda fyrirlestur í fjármálalæsi. Reynt var að

halda hann í nóvember en vegna dræmrar þátttöku var ákveðið að halda fundinn eftir áramót. Fyrirlesturinn var haldinn 7. febrúar 2018. Fyrirlesarinn Haukur Hilmarsson frá Skuldlaus.is fræddi félagsmenn um

verslunarmáta og venjur í innkaupum, sparnaðarleiðir ásamt mörgu öðru. Gísli Helgason tók upp fundinn og setti á Valdar greinar.

Með kærri kveðju,
Rósa Ragnars

Ársskýrsla ferða- og útivistarnefndar 2017-2018

Í vetur hafa verið gengnar sunnudagsgöngur u.þ.b. einu sinni í mánuði. Við byrjuðum með göngu í Elliðaárdalnum, hittumst við gömlu rafstöðina undir leiðsögn Stefáns Pálssonar sagnfræðings. Þetta var sérlega skemmtileg ganga og þeir sem komu ekki misstu af miklu.

Sigurjón Einarsson hefur séð um hinar sunnudagsgöngurnar í vetur. Á safnanótt á vetrarhátíð fórum við í Ásgrímssafn, Listasafn Einars Jónssonar og Þjóðminjasafnið. Í

undirbúningi er afmælisferð Blindrafélagsins til Færeyyja sumarið 2019.

Tvær sunnudagsgöngur eru eftir í vetur, 8. apríl og 13. maí og hefjast í Hamrahlíðinni kl. 14. Ferð á sparidaga í Hótel Örk hefur verið auglýst 29. apríl til 4. maí.

Með kærri kveðju,
Rósa Ragnars

Prjónakaffi

Prjónakaffið hefur verið vel sótt sl. ár. Við héldum bara okkar striki líkt og áður. Hópurinn hittist alltaf þriðja þriðjudag í

hverjum mánuði nema yfir sumarmánuðina. Í marsmánuði fór ég til Edinborgar og sótti þar stórt prjónakvöld og prjónapöbb

og stóra garnsölusýningu. Því miður náði ég ekki inn á nein námskeið líkt og ég stefndi að. Afrakstur ferðarinnar kom ég með á þrjónakvöld og sagði frá því sem fyrir augu mín bar og sýndi þeim það sem ég verlaði. Ég vonast til að fá eina sem náði inn á námskeið til að vera með kennslu í að þrjóna og hekla einu og sömu flíkina.

Von mín er að fá inn á þrjónakvöldið einhvern sem langar að prófa að þrjóna og vantar leiðsögn í því. Við verðum allavegana á staðnum næsta vetur, til halds og trausts.

Lilja Sveinsdóttir

Ársskýrsla tómstundanefndar 2016-2017

Í nefndinni eru Kaisu Hynninen, Sigríður Björnsdóttir, Dagný Kristjánsdóttir og Rúna Ósk Garðarsdóttir.

Á starfsárinu stóð nefndin fyrir bingóí, hugleiðslunámskeiðum, handverksnámskeiði og jólabasar.

Valdar greinar 42. árgangur 2017

Ársskýrsla 2017-2018

Árið 2017 komu út 23 tölublöð af Völdum greinum. Heildartími: 52 klst. og 59 mín.

Valdar greinar eru félagshljóðtímarit Blindrafélagsins. Þar sem fallað um málefni blindra og sjónskertra, ásamt því sem öðru hvoru skotið inn ýmsum hljóðmyndum héðan og þaðan. Reynt hefur verið að gera sem

flestum viðburðum innan félagsins skil. Sem dæmi má nefna að farið hefur verið á vettvang þar sem ýmsir atburðir á vegum félagsins hafa gerst. Má t.d. nefna ferðir á vegum Opins húss, skemmtanir og fundi hvers konar og einnig hefur verið reynt að vekja athygli á ýmsu sem félagsmenn fást við hverju sinni.

Varðveisla menningararfsins

Í fórum félagsins er nú til talsvert efni sem er viðtöl og annað efni sem tengist félagsmönnum. Þegar ég tók við ritstjórn árið 2010 var jafnframt samið um að ég myndi vinna að afritunum gamals efnis af Völdum greinum og fara í gegnum hvað ætti að varðveita. Þetta er mun tímafrekara en ég gerði mér grein fyrir og því miður hefur ekki unnist nægur tími til að sinna þessu.

Eins og gengur og gerist hefur ýmislegt lent í glatkistunni. Ég veit til þess að einhverjir félagsmenn luma á upptökum af gömlu efni, annað hvort á hljóð- eða myndefnisformi. Hvort raunverulegur áhugi er á að varðveita slíkt verður að koma í ljós.

Margar gersemar eru til. Má nefna að á liðnu ári, 2017, var liðin öld frá fæðingu Andrésar

Gestssonar sem var um skeið bólstrari og vann síðar sem sjúkranuddari. Lífshlaup og reynsla Andrésar var á margan hátt einstök. Hann hafði frábæra frásagnargáfu og mjög gott minni auk þess að vera gott skáld, glettinn og gamansamur. Á sinni tíð var Andrés ásamt Elísabetu Kristinsdóttur, eiginkonu sinni, einn af máttarstólpum félagsins. Ég hef fundið efni með fleira fólki sem var innan félagsins og hef annað kastið birt gömul viðtöl og greinar á Völdum greinum. Bráðum verður hver síðastur að skrá efni og minningar frá þeim sem muna enn stofnendur félagsins og hvernig andinn var innan Blindrafélagsins þegar félagið var fámennt og nokkurs konar heimur út af fyrir sig. Af gengnum kynslóðum má margt læra og nýta sér enn nú til dags.

Efnisöflun

Það hefur aðallega verið hlutverk undirritaðs að sjá um efnisöflun á Valdar greinar. Þó er löngu ljóst að fleiri þurfa að koma til liðs við efnisöflun. Þannig verða þær fjölbreyttari

og skemmtilegri áheyrnar. Gjarnan mætti virkja félagsmenn úti á landi til þess að taka viðtöl eða útvega efni þaðan. En til þess að svo mætti verða þyrfti að veita meira

fjármagni til Valinna greina. Stundum hefur komið upp sú umræða hvort ekki væri vert að halda einhvers konar fjölmiðlanámskeið innan félagsins þar sem fólki yrði gefinn kostur á að kynna sér hvernig best sé að bera sig að við öflun efnis, bæði með viðtölum og skrifum. Nútímatækni býður upp á slíkt.

Ritstjóri hefur í nokkrum tilvikum fengið fólk til liðs við sig. Þar hafa ýmsir lagt hönd á plóginn og má nefna Baldur Snæ Sigurðsson, Arnþór Helgason, Ágústu Eir Gunnarsdóttur, Steinunni Helgu Hákonardóttur, Rósu Maríu Hjörvar, Eyþór Kamban Þrastarson, Hjalta Sigurðsson og fleiri.

Tengsl við hlustendur

Ritstjóri fær oft símtöl frá félagsfólki sem lýsir ánægju sinni með Valdar greinar og efni þeirra. 22. mars sl. var kynnt Gallup-könnun sem gerð var á meðal félagsmanna Blindrafélagsins. Þar virtust um 50% félagsmanna ánægð með Valdar greinar og telst það gott að mati ritstjóra. Ritstjóri hefur sem fyrr átt mjög gott samstarf við starfsfólk og

stjórn félagsins. Formaður félagsins fær ómældar þakkir ritstjóra fyrir hvatningu og eins þann áhuga sem hann hefur sýnt Völdum greinum með því að vera óþreytandi á að benda ritstjóra á efni til umfjöllunar.

Gísli Helgason,
ritstjóri Valinna greina

Sjóðir félagsins auk styrkja og framlaga til nefnda og deilda

Blindrafélagið fær allmargar styrkbeiðnir á hverju ári. Stjórnin hefur markað sér þá stefnu að beina styrkumsóknum í sjóði félagsins.

Yfirlit yfir helstu stærðir í starfsemi sjóðanna á árin eru eftirfarandi:

Ársskýrsla Verkefnasjóðs Blindrafélagsins 2017 - 2018.

Sjóðurinn hefur þann tilgang að styrkja tiltekin verkefni. Stjórn Blindrafélagsins fer með stjórn sjóðsins. Samtals úthlutað til 6 verkefna.

Útborganir samtals kr. 5,5 m.kr.
Heildartekjur á árinu voru kr. 35,8 m.kr.
Óbundinn höfuðstóll í árslok nam kr. 102 m.kr.

Ársskýrsla Styrktarsjóðs Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins – Stuðningur til sjálfstæðis

Styrktarsjóður Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi. var stofnaður 23 mars 2011 með 15 m.kr. afmælisgjöf frá Blindravinafélagi Íslands til Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi, í tilefni af 70 ára afmæli Blindrafélagsins þann 19. ágúst 2009. Tilgangur sjóðsins er að veita:
-Náms-, ferða- og ráðstefnustyrki til fagfólks sem starfar með blindum og

sjónskertum einstaklingum eða að hagsmunamálum þeirra.
-Náms-, ferða-, endurhæfingar- og ráðstefnustyrki til félagsmanna Blindrafélagsins.
-Styrki til félagsmanna Blindrafélagsins til kaupa á hjálpartækjum og öðrum mikilvægum búnaði.
-Verkefnastyrki til verkefna sem eru hagsmunum blindra og sjónskertra til framdráttar.

Samtals úthlutað 36 styrkjum, uppá 3,2 m.kr. Heildartekjur á árinu 1,1m.kr.

Óbundinn höfuðstóll í árslok nam 20,8 m.kr.

Ársskýrsla sjóðsins Blind börn á Íslandi 2017-2018

Sjóðurinn Blind börn á Íslandi veitir blindum og sjónskertum börnum styrki til allt að 18 ára aldurs fyrir ýmsu því sem opinberir aðilar styrkja þau ekki.

Tveir stjórnarfundir voru haldnir í sjóðnum Blind börn á Íslandi á árinu. Átta umsóknir voru samþykktar á vorfundinum og tíu á haustfundinum en tveim umsóknum var hafnað á árinu. Miðlun hefur undanfarin ár séð um sölu öskudagssælgætis frá Sælgætisgerðinni Freyju til fyrirtækja til styrktar sjóðnum. Styrkurinn nam kr. 195.988

árið 2017. Sjóðnum hafa einnig borist styrkir frá ýmsum aðilum en nánari upplýsingar um upphæðir er að finna í ársreikningunum.

Sumarhátíð sjóðsins var haldin í samstarfi við foreldradeild Blindrafélagsins þann 10. júní í garði Blindrafélagsins og árleg jólaskemmtun var haldin laugardaginn 3. desember.

Marjakaisa Matthíasson, starfsmaður sjóðsins Blind börn á Íslandi. Útgreiðsla styrkja á árinu var 483,1 þkr. tekjur voru 456 þkr.og óbundinn höfuðstóll var um áramót 4 mkr.

Ársskýrsla styrktarsjóðs Margrétar Jónsdóttur 2017-2018

Tilgangur sjóðsins er að styrkja foreldra/forráðamenn barna allt að 18 ára aldri sem greinst hafa blind eða með alvarlega augnsjúkdóma. Sjóðurinn veitir einungis styrki vegna verkefna eða hluta sem eru ekki styrktir af almannatryggingum, félagsþjónustu sveitafélaga eða

öðrum opinberum stofnunum eða sjóðum sem koma að málum blindra og sjónskertra barna. Sjóðurinn er með sjálfstæða stjórn.

Engir styrkir voru veittir á árinu, bakfærðir ósóttir styrkir voru uppá 490 þkr.

Heildartekjur á árinu voru 36 þkr.

Höfuðstóll í árslok nam 9 mkr
Þar af óbundinn höfuðstóll 986 þkr.

Styrktarsjóður Richards P. Theodórs og Dóru Sigurjónsdóttur.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja blint fólk á aldrinum 16-25 ára og/eða mennta fólk í þágu blindra og blinduvarna. Samtals úthlutað tveimur styrkjum samtals 2 mkr.

.
Heildartekjur á árinu 1 mkr m.kr.
Óbundinn höfuðstóll í árslok nam 25,7 m.kr.

Blindravinnustofan 2017

Blindravinnustofan er vinnu-og starfsþjálfunarstaður blindra, sjónskertra og annarra fatlaðra einstaklinga.

Blindravinnustofan gegnir mikilvægu hlutverki í því að skapa þessum einstaklingum atvinnu og starfa þar um 30 fatlaðir einstaklingar. Flestir þeirra eru í hlutastarfi. Að auki starfa þar rekstrarstjóri og menntaðir starfsleiðbeinendur, þroskaþjálfari og félagsliði.

Rauði þráðurinn í starfsemi Blindravinnustofunnar felst í pökkun og sölu á hreingerningarvörum undir vörumerkjum

Blindravinnustofunnar. Önnur starfsemi er til að mynda ljósmyndaskönnun, bastvöggugerð og viðgerðir auk áfyllinga í vörustanda og ýmis innpökkunarverkefni.

Á árinu var áfram unnið markvisst að hagkvæmari innkaupum og hagstæðari

flutningum til landsins auk annara hagræðingarverkefna. Áframhald var á samstarfi við Ó. Johnson & Kaaber um að pakka vörum í vörustanda og setja varúðarmerkingar á efnavörubrúsa. Um er að ræða sápur, tannkrem og hreinlætisefni í þar til gerða áherslustanda sem við sjáum í öllum helstu matvöruverslunum landsins. Á árinu voru einn af birgjum vinnustofunnar heimsóttur til Svíþjóðar og viðskiptasambandið við hann innsiglað. Þessi heimsókn var árangursrík fyrir vinnustofuna og má búast við auknum viðskiptum við þessa aðila á komandi misserum. Þá var unnið að stækkun á húsnæði vinnustofunnar í Hamrahlíð með það að markmiði flytja allan lagerinn á einn stað.

Stutt yfirlit yfir starfsemi Hljóðbókasafns Íslands árið 2017

Starfsemi Hljóðbókasafns Íslands gekk í heild prýðilega á árinu 2017 og var safnið innan fjárheimilda. Virkir lánþegar voru í lok árs 2017 voru 10.789 sem er um 14% aukning frá árinu áður. Þar af voru um 30%

skráðir vegna sjónskerðingar og blindu og 70% vegna lesblindu. Hér á eftir stiklað á stóru í starfsemi safnsins árið 2017.

Bókakostur, miðlun og útlán

Hljóðbókasafnið hefur nú 9.697 bækur til útláns. Framleiddar voru 297 bækur, en það er um 10% aukning frá árinu áður. Af þeim voru 153 bækur eftir íslenska höfunda og 135 þýddar, nýjar framleiddar námsbækur voru níu talsins en 51 námsbók var sótt fyrir lánþega til Norðurlandanna. Mikil aukning hefur verið á nýtingu námsbóka frá systursöfnum á Norðurlöndunum, og þá helst MTM í Svíþjóð en safnið fékk samtals 107 bækur af ýmsu tagi inn í safnkostinn frá Norðurlöndum. Þannig urðu til 404 nýjar bækur á safninu 2017. Mikil vinna hefur farið í að lagfæra og bæta skráningar bóka með það að markmiði að bæta leitarskilyrði lánþega í safnkostinum enda stendur til

að breyta leitarmöguleikum á heimasíðu.

Miðlun safnkostsins er smám saman að breytast, þannig verður streymi bóka æ vinsælla. Útlán á geisladiskum var 26%, sem er 2% minna en árið áður, útlán í gegnum niðurhal var 30%, sem er 2% samdráttur frá árinu áður, og útlán í gegnum streymi var 44% sem er 4% aukning. Notendur geisladiska eru nær eingöngu aldraðir lánþegar sem nota ekki tölvur. Heildarútlán á árinu voru 225.353 en dreifing útlána skiptist þannig að 35% útlána fara til 70% lánþega á aldrinum 0-30 ára, sem eru í langflestum tilvikum lesblindir nemendur, en önnur 35% fara til 15% lánþega á aldrinum 70-100 ára. Þannig er ljóst að eldra sjónskert fólk er langvirkustu notendurnir.

Nýjungar á árinu

Hljóðbókasafn Íslands hefur alla tíð geymt safnkostinn innanhúss, og sömuleiðis tekið afrit af honum þar. Framan af voru jafnframt tekin afrit á diska sem voru sendir út úr húsi. Þessi tilhögun þykir ekki nógu örugg í strangasta skilningi en afritanir út úr húsi voru lengi vel svo dýrar að safnið sá sér ekki fært að breyta þessari tilhögun.

Kerfaöryggismál hafa breyst mikið á stuttum tíma en nokkuð hefur verið um að brotist hefur verið inn í gagnagrunna og þeir teknir í gíslingu. Öryggismál breytast mjög hratt og það sem er talið öruggt í dag er það ekki á morgun. Hljóðbókasafnið ákvað því að fara með hýsingu safnskotsins í örútboð í gegnum Ríkiskaup.

Niðurstaðan varð sú að safnið skrifaði undir samning við Opin kerfi og er nú safnkosturinn hýstur og afritaður í Verne á Reykjanesi. Opin kerfi tryggja að safnkosturinn sé varinn með bestu aðferðum hverju sinni. Flutningi safnskotsins fylgdu ýmsir byrjunarörðugleikar og því urðu nokkrar truflanir á

þjónustu safnsins síðla árs, en aldrei lengi í einu.

Hljóðbókasafnið fór jafnframt í samstarf við danska Hljóðbókasafnið Nota um notkun á smáforriti eða appi sem Nota hannaði og opnaði á árinu 2017. Appið hefur reynst mjög vel og er hvort tveggja fyrir Android og Apple. Það hefur mikla leitarmöguleika sem byggjast á bókategundum og síðast en ekki síst er hægt að hala niður bókum í appið, sem þýðir að notandinn getur hlustað á bækur þótt hann sé ekki í nettengingu. Þegar Danir opnuðu appið minnkaði geisladiskanotkun talsvert þar sem kom í ljós að margir aldraðir áttu Ipad og appið er þægilegt í notkun í honum sem og öðrum tækjum. Unnið var að íslenskun og uppsetningu appsins allt árið 2017 og mun það opna fyrir lánþega safnsins um mitt ár 2018.

Hljóðbókasafnið vinnur í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri og hefur einn starfsmaður safnsins haft veg og vanda að því að innleiða verkefnið. Safnið hefur nú tekið þrjú skref af fimm og stefnir ótrautt að því að klára þau öll á

árinu 2018. Verkefnið Græn skref í ríkisrekstri er býsna viðamikið og þarf að huga að mörgu en innleiðing grænna skrefa skilar sér í aukinni vitund um umhverfisáhrif og um hverskonar sóun. Plastglös og annar einnota búnaður er gerður útlægur og óþarfa pappírsmotkun sömuleiðis. Jafnframt eru allskyns þættir mældir, svo sem umhverfispor vegna flugferða og aksturs.

Safnið flokkar allan úrgang og hefur sett sér markmið um að minnka hann markvisst. Geisladiskar eru mjög óumhverfisvænir og græn stefna er að minnka notkun þeirra eins og hægt er. Það er þó ljóst að þjónusta við lánþega sem þurfa sannanlega á geisladiskum að halda verður ekki skert á meðan aðrar lausnir fyrir þann hóp eru ekki fundnar.

Samskipti við réttihafa

Hljóðbókasafn Íslands situr árlega undir gagnrýni frá útgefendum og öðrum réttihöfum í kringum jólabókaflóðið. Réttihafar hafa áhyggjur af því að lánþegar safnsins dreifi bókum þess til annarra og ganga í þessum hópi sögur um slíkt en eru þó ósannaðar. Jafnframt fær safnið stöku sinnum skilaboð frá höfundum sem þekkja ekki starfsemina, og telja að safnið hafi breytt og dreift verkum þeirra í leyfisleysi. Hljóðbókasafnið skilur vel áhyggjur manna af þessu enda er markaðurinn lítill á Íslandi og erfitt að þéna á bókum. En gagnrýni þessi er byggð á

misskilningi, menn vita ekki hvernig safnið starfar, þekkja ekki lög og reglur og vita ekki um rétt þeirra sem geta ekki nýtt sér prentað mál. Gagnrýnin er að mati safnsins óvægin og óréttmæt þar sem lánþegar liggja undir grun um misnotkun. Safnið hefur skýrt frá því hvað eftir annað að hér sé um mannréttindi að ræða og að lánþegar séu að langstærstum hluta strangheiðarlegt fólk. Dreifing efnis á ólöglegum síðum er alheimsvandamál og hafa stóru dreifingaraðilarnir úti í heimi eytt milljörðum í að reyna að koma í vef fyrir ólöglega dreifingu án árangurs.

Hljóðbókasafnið hefur gripið til þess að merkja bækur og getur rakið ólöglega dreifingu, en staðreyndin er sú að ef viljinn er fyrir hendi er hægt að fjarlægja þessar merkingar. Nýja appið mun þó opna þann möguleika að loka á niðurhal sem verður gert með undantekningum fyrir blinda og sjónskerta notendur sem þurfa að hala niður bókum fyrir

sérstök afspilunartæki.

Hljóðbókasafnið treystir því að langstærstur hluti lánþega fylgi þeim félagslega samningi sem gerður er við lánþega, að halda efninu fyrir sig og hefur safnið ekki áhuga á því að eyða óþarfa orku og peningum í gagnslausar varnir og þras um hluti sem byggja á vanþekkingu og misskilningi.

Alþjóðlegt samstarf

Hljóðbókasafnið er í góðu norrænu samstarfi og jafnframt alþjóðlegu samstarfi í gegnum DAISY-samtökin. Safnið fylgist vel með framþróun málefna hvað varðar aðgengi að prentuðu máli. Epub3-umræðan hefur staðið yfir í mörg ár og stendur enn. Erfiðlega hefur gengið að þróa afspilunartæki fyrir þetta form en DAISY-samtökin vinna að því hörðum höndum. Í millitíðinni hefur það hins vegar gerst að almenni markaðurinn hefur framleitt aðgengilegt efni í æ meira mæli. Þetta gerist, eins og annað á almennum markaði, í samræmi við eftirspurn. Þannig hefur til dæmis Google þróast mjög hratt, innbyggður hugbúnaður býður upp á alls kyns

möguleika, Amazon býður nú upp á whispersync á fjölmörgum bókum, þar sem hægt er að fá textabók og hljóðbók samhliða og er textinn tvinnuður saman við hljóðið. Þetta opnar möguleika á að ferðast um í textanum og fleira. Þessi aðferð hefur verið notuð á blindra- og hljóðbókasöfnum um nokkurra ára skeið en er nú að birtast á almennum markaði. Þetta gerir það að verkum að stofnanir eins og Hljóðbókasafnið ættu að geta einbeitt sér að því í auknum mæli að framleiða eingöngu efni sem ekki er aðgengilegt á markaði og best væri að söfn af þessu tagi yrðu með öllu óþörf með tímanum.

Næstu skref

Hljóðbókasafnið leggur megináherslu á góða þjónustu við lánþega sína. Stefnumótun safnsins var endurnýjuð í samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið í upphafi árs, eins og lög gera ráð fyrir. Helstu markmið safnsins á næstu þremur árum eru í grófum dráttum þessi: Að auka framleiðslu og efla fjölbreytni; að bæta aðgengi lánþega að safnkostinum með nýjum afspilunarmöguleikum og betri aðferðum til að leita í safnkostinum; að tryggja að fjármunir nýtist sem allra best til að uppfylla tilgang stofnunarinnar; að styrkja

innviði safnsins og efla meðvitund um umhverfismál. Að lokum má nefna að Hljóðbókasafn Íslands fékk titilinn Fyrirmyndarstofnun sjötta árið í röð 2017, en það var í 2. sæti yfir stofnanir með 20 starfsmenn eða færri. Safnið skoraði hátt í öllum flokkum, það sem helst dregur niður einkunn safnsins er óánægja með launakjör. Hljóðbókasafnið er hins vegar enn sú stofnun sem skorar hvað hæst af öllum stofnunum í ánægju og stolti starfsfólks.

Skýrsla frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu 2017

Almennt

Starfsemi Miðstöðvarinnar árið 2017 gekk almennt vel. Markmið Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu er að auka möguleika þeirra sem eru blindir, sjónskertir eða með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra, með áherslu á stuðning til náms, sjálfstæðs heimilishalds, virkra tómstunda og atvinnuþátttöku. Til að ná þessum markmiðum veitum við meðal annars margvíslega

ráðgjöf í sérkennslu, umferli og athöfnum daglegs lífs, sjónfræði, tölvum og tækni, náms- og starfsráðgjöf, félagsráðgjöf, sálfræðiráðgjöf og atvinnu- og virkniráðgjöf. Miðstöðin veitir líka fræðslu um hin ýmsu málefni sem tengjast blindu og sjónskerðingu til notenda, aðstandenda, skóla, vinnustaða, sveitarfélaga og annarra opinberra stofnana. Einnig sér stofnunin um að úthluta hjálpartækjum til notenda og má þar nefna gleraugu, stækkunargler, hljóðspilara og vefvarp, talgervla og stækkunartæki.

Nýr forstjóri

Huld Magnúsdóttir lét af störfum sem forstjóri Miðstöðvarinnar í maí 2017 en hún hafði starfað sem forstjóri frá árinu 2009. Á þeim tímamótum afhenti Sigþór Unnsteinn Hallfredsson, formaður Blindrafélagsins, Huld Gulllampann, æðstu viðurkenningu

Blindrafélagsins, sem veitt er þeim einstaklingum sem hafa skarað fram úr vegna starfa sinna í þágu blindra og sjónskertra. Þorbjörg Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri Miðstöðvarinnar, var starfandi forstjóri frá maí til október.

Í október var Margrét María Sigurðardóttir svo skipuð nýr forstjóri Miðstöðvarinnar en hún hafði áður gegnt embætti

umboðsmanns barna árin 2007-2017 og var framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu árin 2003-2007.

Notendur

Í árslok 2017 voru 1577 einstaklingar í skráðum ferlum eða þjónustu hjá Miðstöðinni. Þar af voru 168 börn á aldrinum 0-17 ára. Á aldrinum 18-66 ára var 321 einstaklingur skráður í þjónustu og 67 ára og eldri voru 1086 talsins. 53% af notendum Miðstöðvarinnar eru með aldurstengda augnbotnahrörnun (AMD). Af þeim eru 52% í sjónskerðingarflokki og 48% í lögblinduflokki. Alls voru 342 einstaklingar skráðir með samþætta sjón- og

heyrnarskerðingu hjá Miðstöðinni. Með aldurstengda samþætta sjón- og heyrnarskerðingu eru 284 og einstaklingar með síðbúna eða meðfædda sjón- og heyrnarskerðingu eru 58. Þjónustu- og þekkingarmiðstöð sér um endurgreiðslur ríkisins vegna gleraugnakaupa en **öll börn eiga rétt á gleraugnaendurgreiðslum að 18 ára aldri**. Árið 2017 voru 3955 einstaklingar sem fengu gleraugnaendurgreiðslu.

Bókagerð

Árið 2017 voru afgreiddar 1989 pantanir í framleiðsludeildinni sem er aukning um 3,7% frá árinu 2016. Hluttur pantana frá háskólanemum eykst enn og er nú 47% af heildarfjölda pantana. Töluverður

samdráttur er í pöntunum á námsbókum á punktalettri eða um 40% frá árinu 2016. Fjöldi blindra og sjónskertra háskólanema hefur haldist nokkuð stöðugur síðustu árin.

Fræðsla

Miðstöðin hélt 10 námskeið árið 2017 og voru þátttakendur alls 123 talsins. Námskeiðin voru fjölbreytt og má þar til dæmis nefna hina sívinsælu jafningjafræðslu, Aðlögun að sjónmissi, þar sem fólki gefst tækifæri til að koma saman, hlusta á aðra og miðla eigin reynslu til annarra sem eru að aðlagast sjónmissi og fræðast um hvaða þjónusta er í boði fyrir blint og sjónskert fólk. Fyrsta Snillinganámskeið Miðstöðvarinnar var líka haldið en Snillinganámskeiðið er upprunalega búið til af starfsmönnum Þroska- og hegðunarstöðvar Heilsugæslunnar og er hugsað sem þjálfun í samskiptum, tilfinningastjórn og athygli barna með ADHD. Bæði námskeiðið og námsefnið var

lagað að þörfum sjónskertra barna og vakti námskeiðið mikla lukku bæði meðal þátttakenda og foreldra þeirra. Einnig var haldið námskeið fyrir kennara og aðra starfsmenn sem vinna með börnum með heilatengda sjónskerðingu. Undanfarin ár hefur Miðstöðin verið í forsvari í Evrópuverkefninu TeachCVI sem gengur út á að undirbúa efni til kennslu fyrir börn með heilatengda sjónskerðingu og efni til að nýta við greiningu/skimun á börnum með heilatengda sjónskerðingu. Mikil þekking og efni er til staðar hjá Miðstöðinni um heilatengda sjónskerðingu og er mikilvægt að koma þeirri þekkingu áfram til skólanna og starfsmanna þeirra.

Þróunarverkefni

Miðstöðin er þátttakandi í nokkrum þróunarverkefnum en slík verkefni eru afar mikilvæg fyrir stofnun eins og Miðstöðina **Sound of Vision** - Verkefnið miðar að því að búa til skynjunarbúnað fyrir blinda einstaklinga til að auðvelda

til að bæta við sig þekkingu og til að framþróun geti átt sér stað. Verkefnin sem nú er unnið að eru eftirfarandi:
þeim að komast leiðar sinnar. Tækið á að gefa upplýsingar um umhverfi, annars vegar með

hljóði og hins vegar með snertingu.

I-Express - Markmið verkefnisins er að safna og miðla þekkingu um þróun og nýjungar í notkun hjálpartækja fyrir MDVI-notendur.

Endanlegt markmið verkefnisins er að til verði evrópsk námskrá um notkun hjálpartækja fyrir MDVI-notendur og innleiðing slíkrar námskrár.

Print3d - Tilgangur verkefnisins er að þróa kennsluleiðir

varðandi þrívíddarprentun, með sérstakri áherslu á kortagerð.

Stærsta hlutverk okkar á Miðstöðinni í þessu verkefni er að búa til kennslubók og leiðbeiningahefti um þrívíddarprentun bæði fyrir kennara og nemendur.

Vapet-Vip - Verkefnið miðar að því að búa til rafrænt kennsluefni fyrir fagfólk í endurhæfingu og þjálfun sjónskertra.

Þakkir

Starfsmenn Miðstöðvarinnar þakka Blindrafélaginu fyrir gott samstarf nú sem endranær og

við hlökkum til áframhaldandi góðs samstarfs á komandi árum.



